

Saga sönglistarinnar

Handrit Jóns Pálssonar.

Fyrirsögn þá er ég hefi sett fyrir því sem ég hefi í hyggju að rita um söng og hljóðfærslátt frá því ég man fyrst eftir mér ber eigi að taka bókstaflega, heldur sem gæluorð, enda verður það sem ég segi um þetta hripað upp eftir minni eins og flest annað er ég rita. Til þess að það gleymist eigi með öllu jafnvel þótt það aðeins mætti álítast ritað til þess að skemmta mér sjálfum við það nú á gamalsaldri ef til þess skyldi koma að ég hafi tíma til að glugga í það síðar meir. Ég gjöri ekki ráð fyrir að aðrir finni þar mikinn fróðleik eða fræðslu í neinu.

1868 - Ég var á fjórða ári þegar ég heyrði fyrsta í fyrsta sinni sungið tveimur röddum. Það var um jólin að þeir Gísli móðurbróðir minn Gíslason á Stóra-Hrauni og föðurbróðir hans, en afabroðir minn, Guðmundur gamli Þorgilsson, faðir Gamla-Gvendar í Ameríku, sungu lagið, Ísland farsælda Frón og fleiri tvísöngslög. Vitanlega hafði ég ekkert vit á söng þeirra, en síðar sagði móðir mín mér að ég hefði staðið við kné Guðmundar gamla eins og rínegldur við þau allt kvöldið, horft stöðugt í andlit þeirra söngvaranna beggja, og ávalt er varð hlé á söng þeirra hafi ég sagt „djyngja meia, djyngja meira“ þ.e. syngja meira, syngja meira“. Móðir mín sagði og að ég hafi vakað miklu lengur kvöldið það en vant var og verið að reyna að raula lagið áður en ég sofnaði en ruglað öllu saman fyrstu og annarri rödd. Næstu daga eftir þetta hafi ég svo verið að reyna að ná laginu en aldrei tekist fyrr en Guðmundur gamli kom seinna um veturinn til þess að byrja við húslestrana á kvöldin sem síðar verður að vikið.

1869 - Frá þessu ári man ég ekkert um þetta né annað viðvíkjandi söng.

1870 - Andaðist hinn ógleymanlegi vinur minn, Kristín Gísladóttir hálsystir langömmu minnar, Margrétar Gísladóttur, konu Þorgilsar Jónssonar á Kalastöðum. Þá var það að Gísli á Stóra-Hrauni var við jarðarför hennar og söng m.a. „Konungur Davíð sem kenndi“ og lærði ég lagið þrátt fyrir það þótt ég væri annars hugar af sorg og trega. Kristín þessi var „Stutta Kristín“ kölluð, enda var hún dvergur líkamlega, en andlega var hún mörgum meiri af gáfum og gæðum. Lík hennar var látið standa uppi frá því kistulagt var og til greftrunar, síðari hluta mars mánaðar, það ár því hún andaðist 14. mars 1870, 76 ára að aldri.

1871 - Andaðist Sesselja systir mín 23. júní 15 ára að aldri. Hafði hún frá 3 - 4 ára aldri verið aumingi og ávalt rúmleggjandi. Mun það hafa verið hin svokallaða „engelska veiki“ er olli sjúkleika hennar. Við jarðaför hennar sungu heima m.a. Litla-Hrauns bræður tveir, Þórður Guðmundsson og Þorgrímur bróðir hans svo og faðir þeirra, Þórður Guðmundsson kammerráð og fyrrverandi sýslumaður, en hver um sig voru atkvæðasöngmenn, einkum þeir nafnarnir. Ég fékk sennilega í fyrsta sinn að fara til kirkju dag þennan og man hversu ég heillaðist af söng þeirra og Gísla á Hrauni er hafði ein hin fegurstu hljóð er ég hafði heyrt enda var hann forsöngvari við Stokkseyrarkirkju eftir föður sinn, dáinn 1858, 1. nóvember. Þangað til Bjarni sálugi bróðir minn tók við af honum, sennilega 1874 (sjá um þjóðhátíðina þar eystra).

Frá þessum jarðarfaradegi systur minnar man ég það mér þótti lagið „Faðir vor sem á himnum ert“ er sungið var um leið og gengið var inn í kirkjugarðinn, undurfallett og þá eigi síður lagið „Allt eins og blómstrið eina“ er sungið var við gröfina. Annað man ég eigi um söng þennan heima eða frá bæ. Vitanlega hefur mér söngurinn við húslestur þótt svo hversdagslegur og sennilega fremur leiður, að hann vakti enga eða litla eftirtekt mína. Því ávalt var sungið við húslestra alla þá veturnóttum til hvítasunnu án þess að nokkur sálmur væri látinn niður falla úr lestrinum. Því Guðmundur gamli Þorgrímsson var ávalt fenginn til þess að syngja þá eða lög þau er aðrir þóttust eigi geta ráðið við að syngja, þar á meðal ég síðar, og kem ég aftur að því.

1873 - Frá þessu ári minnst ég eigi neins sérstaks í þessu efni en svo kom árið

1874 - Þjóðhátíðarárið. Þess var minnst 2. ágúst það ár, degi áður en ég var 9 ára og hef ég minnst þess sem ég mundi eftir á öðrum stað, en hér verð ég að endurtaka það að söngurinn í Stokkseyrarkirkju þá gleymi ég aldrei. Þar sungu þeir Jón á Hlíðarenda, föðurbróðir minn, Bjarni bróðir minn, Gísli á Stóra-Hrauni, faðir minn, Sigurður Thórarensen og Þórður gamli kammerráð og fleiri. Svo þungur þótti mér brimniðurinn í bassa kammerráðsins að mér virtist gólfið í kirkjunni titra undan fótum mér og veggirnir genu í bylgjum.

1875 - Það ár mér minnstæðast sökum þess að 14. október það ár bauð Bjarni sálugi bróðir minn mér að fara með sér út á Eyrarbakka, því þá var hann að læra að leika á orgel í Húsinu hjá fröken Sylvíu Thorgrímson. Sat ég þar hjá honum allan daginn sem steini lostinn af undurfegurð tónanna þótt að þar væri vitanlega um einföldustu æfingar að ræða. En áður en við fórum þaðan, léku þær systur, dætur Thorgrímson á gítar, píanó og spiladós. Þetta var ein hin ánægjulegasta stund í lífi mínu. Systurnar sungu þá einnig mjög indæl lög, ýmist á íslensku máli eða erlendu. Því miður er mér eigi kunnugt um hvað var af spiladós þessari sem var sú hin sama sem Magnús gamli í Garðbæ, Magnús smiður, gerði við en að því búnu spurði „Saumar hún ekki nógu vel sú arna?“ Hann hélt að það væri saumavél sem hann hefði gert við svo vel og allir tónar hennar voru réttir (sjá um Magnús smið).

1876 - Þá var árið þetta eigi síður merkilegt. Nú var orgelharmóníum komið í Stokkseyrarkirkju og vígt á hvítasunnu, 4. júní það ár. Lék Bjarni bróðir minn á það og nú var ég kominn svo langt á „listamannsbrautinni“ að ég var farinn að syngja með. Ég þóttist hafa fögur hljóð og söng nú millirödd, en erfitt átti ég með að halda milliraddarlaginu þegar hinar raddirnar blönduðust saman við. Við 1. og 2. sálminn var allt rammvitlaust. Þetta fann ég en gætti mín þó að beita eigi röddinni. Í 3. sálminum var ég kominn á lagið og söng rétt. Því var það að Bjarni sálugu spurði mig eftir messuna: „Hvað var að þér Jón? - að engin millirödd heyrðist til þín í tveim fyrstu lögunum í dag?“ Sagði ég honum þá hið sanna. Þá kom Einar sálugi Einarsson frá Laxárdal til okkar að Syðra-Seli og lítið harmóníum um leið, er Bjarni sálugi átti, því hann kenndi honum þá um veturinn. Einar varð síðar organisti í Hafnarfirði. Hann var faðir Sigurður Hlíðar á Akureyri, dýralækni. Enn var engin löngun vögnuð hjá mér að læra á hljóðfæri, en næsta haust, eða árið 1878 var orgelið enn hjá okkur og Einar frá Laxárdal að læra á það. Fór ég einu sinnu um haustið með honum og Bjarna út að Arnarbælskirkju því séra Jens Pálsson og kona hans ætluðu að verða til altaris þann dag og því fór Bjarni þangað til að spila á orgelið í stað þess að kona hans (prestsins) var vön að gera það, en þangað kom orgelið ári áður, 1875 er orgel kom í

Stokkseyrarkirkju. Arnabælisorgelið var þá fyrsta orgelið sem kom í kirkju austan fjalls og hið næsta, annað, í Stokkseyrarkirkju. Þeir Bjarni og Einar töluðu mikið um dúr og moll á leiðinni, en ekkert skildi ég í þessari hebresku þá. Þetta var svo til þess að ég fór að hugsa út í það á leiðinni, en við voru allir fótgangandi, veðrið ágætt og rifahjarn yfir allt. Að sjálfsagt væri þetta svo erfitt að ég gæti aldrei neitt skilið neitt í þessu, en það vakti þó einhverja löngun til þess að fást við það, einmitt vegna þess að það hlyti að vera erfitt. En hvað átti ég að gera með slíka hluti - var ekki kverið nógu strembið? Ég var sem sé í barnaskólanum á Eyrarbakka veturinn 1877 - 78 einmitt í sama húsi sem Einar var með hljóðfærið að Syðra seli og að læra á það. Síðasta veturinn var löngun mín orðin svo sterk að mig langaði til að læra á eitthvert hljóðfæri. Ég fékk þá lánaða harmónikku heldur en ekkert, og reyndi haustið 1878 að ná orgeltónum á harmónikkuna. Byrjaði ég með því að skrifa ótal mörg, milliraddir, tenór og bassa í tölunótum og lærði ég þá hvaða rödd sem ég vildi læra með því að spila þær á harmónikkuna. Svo mátti ég ekki hafa hana lengur; tafði mig frá gegningunum. En ég hugaði sem svo: Harmónikkan er líklega göfugasta hljóðfæri og hið gagnlegasta fyrir mig að læra á. Ég átti engan eyri fyrir svo dýrt hljóðfæri - 4, 5 eða 6 krónur. En það er besta að hætta við allt saman. Næsta ár, eða 1879 – fermingarárið mitt, 14. september, og þá losnaði ég við kverið. Hvílik lausn. Þá um haustið fór ég út á Eyrarbakka að vísu ófermdur þá, komst út í skip, enska skútu er lá við höfnina og var með vörur til Einars frænda míns „borgara“, faðir Sigfúsar organista. Þar fann ég ungan pilt, hann var sonur skipstjórans, og lék hann á eitt hið fegursta og skrautlegasta hljóðfæri er ég hefi séð á ævinni, - eða hafði þá séð. Það var harmónikka, öll gulli og silfri slegin með fjórum bössum, og svona var allt. Hafi mig nokkurn tíma langað til að eiga góðan hlut, þá langaði mig í þetta gersemi. En hún var svo dýr – hún kostaði hvorki meira né minna en 16 krónu. Ég skrapp upp í búð til Einars borgara og bað hann að lána mér 16 krónur. „Hvað ætlar þú að gera við þær góði minn“ spurði Einar? Ég ætla að kaupa fyrir harmónikku af syni sænska skipstjórans sagði ég. „Jæja góðurinn minn“ - það var orðtak Einars. „Hérna eru þessar 16 krónu og láttu þær nú verða til þess að þú lærir á eitthvað annað hljóðfæri en harmónikku“. Hvað er þetta, heyrði ég. Er það ekki nógu gott hljóðfæri fyrir mig? Og svo hljóp ég niður í vaðinn, fékk mér bát út í skipið og kaupin gjörð með það sama. Svo mikla aðdáun vakti hljóðfæri þetta í huga mínum að ég settist niður í Selsheiði og sat þar lengi bæði til þess að skoða þennan fagra grip og leika á hann lög þau er ég kunni. Þegar heim kom sagði ég móður minni fyrst allra hvað ég hefði gert - aðhafst í Bakkaferðinni. Og sagði hún: „Hvaða ráð heldur þú að þú hafir til þess að borga þessa skuld. Og ertu viss um að honum pabba þínum líki þetta ráðlag þitt“. Nei, ég þóttist nú fara nær um það, honum líkaði það ekki og sá nú þegar eftir því sem ég hafði gert. Þegar faðir minn vissi um þessi kaup mín lét hann sér að vísu lítið um þau finnast. Hann var ekkert hrifinn af þeim. En hann spurði aðeins og alveg þykkjulaust, en í alvöru: „Svona lagaða hluti máttu aldrei ráðast í að kaupa án þess að vera viss um að þú getir staðið í skilum með borgunina. Það hefði verið betra fyrir þig að ráðgast um þetta við okkur, foreldra þína, annað hvort eða bæði áður en þú fórst að hleypa þér í svona stóra skuld drengur minn“. Ég sagði honum að þeir bræður mínir, Jón eldri, Pálmar og Júlíus og Pési - Pétur Jónsson, vinnumaður foreldra minna - höfðu þegar lofað að lána mér andvirðið, 16 krónur svo ég gæti staðið í skilum við Einar borgara. Sagði faðir minn þá: „Það er gott, en þá skuldar þú þeim þessa peningaupphæð og er það að vísu betra. Þú skalt samt varast að taka þér neitt fyrir hendur framvegis sem þú getur séð að þú komist í vandræði með. Mundu það drengur minn, að skuldaklafinn verður flestum þungur og þú svo ungur mátt ekki binda honum um fætur þér“. Ég

sá að þetta var heilræði og föðurlegum huga mælt sem vænta mátti frá honum og ég setti fyrir mig að slíkt og þvítíkt skyldi mig aldrei henda oftar. Þetta heit mitt held ég að ég hafi haldið síðan. Þetta fór allt sæmilega. Bræður mínir og Pési gamli lánuðu mér féð og fór ég með það til Einars borgara næsta sunnudag á eftir. Hann tók við krónunum og sagði: „Jæja góðurinn minn, þú ætlar þá að líkjast honum þabba þínum í því að vera skilsamur. Þú mátt koma aftur til mín ef þér liggur á, en láta skaltu foreldra þína vita um það áður því að unglingar mega ekki gera né skuldbinda sig í neinu nema að ráði foreldra sinna og með þeirra vitund, það getur skeð að þetta verði þér til einhvers góðs, að minnsta kosti til þess að fá þér fullkomnara og betra hljóðfæri.“

Harmonikku þess átti ég ekki lengi því nú bauðst mér tækifæri til þess að læra á orgel, og var það með þessum hætti. Móðir mín vissi hvert hugur minn stefndi. Hún talaðir því við Bjarna bróður minn en hann var ekki á Syðra- Seli, heldur í Götu og hafði alist þar upp frá 5 eða 6 ára um það að mig langaði til að læra á orgel og bað hann nú ráða. Það var svo sem sjálfsgagt að Bjarni kenndi mér og þá sennilega ókeypis en þá var að vinna föður minn til þess að ég fengi tíma til þess að stunda nám þetta - stökkva niður heimilisstörfunum að einhverju leyti og máské að kaupa orgel o.s.frv. allt án þess að lagt væri sýnu fram á að nokkur nauðsyn væri á þessu eða líkindi til að ég eða aðrir hefðu nokkurt gagn af því. Næsta sunnudag bað Bjarni bróðir minn safnaðarstjórnina, en faðir minn var einn í henni með þeim Thorgrímsson, Þorleifi á Háeyri, Páli í Íragerði og Gísla í Hrauni að tala við sig um áreiðandi málefni er söfnuðinn varðaði miklu í framtíðinni. Bjarni sagði: „Mín sem organista getur misst við og þá er enginn í sókninni sem tekið getur við þessu starfi mínu.“ Sóknarnefnd sá að hér var nauðsynjamál að ræða og bað hún Bjarna að bæta úr því en hann kvaðst hafa hugsað málið áður og á þessa leið: „Ég skal kenna Jóni yngsta bróður mínum að leika á orgel. Kennslan verðu ókeypis og henni má haga þannig að drengurinn stökkvi ekki niður í störfum á heimilinu sem neinu munar. Því kemur það nú næstum föður okkar að gefa drengnum tíma til að æfa sig við og við og þá helst á milli gegninga, helst annan hvern dag niðri í Stokkseyrarkirkju ef sóknarnefndin vill leyfa honum að nota orgel kirkjunnar til þess án þess að taka borgun fyrir þá notkun.“ Sóknarnefndin féllst einhuga á þetta og faðir minn samþykkti einnig að ég fengi tíma til þess að fara til æfinga svo oft sem mín mætti við missa frá öðrum störfum. Þetta gerðist árið 1880, og var Bjarni þá orðinn barnakennari á Stokkseyri og var skólahúsið þar. Engin kennsla var hafin það ár, en árið 1881 byrjaði hún. Var þá vetur harður mjög, kirkjan nístandi köld svo ég varð að standa upp frá hljóðfærinu í miðri æfingu hversu stutt sem hún var, og berja höndunum við bók mér uns mér hitnaði svo að ég gat byrjað á nýja leik. Sökum hins ódrepanði áhuga sat ég þarna fram í myrkur og skil ég enn eigi í því að það skyldi eigi gera alveg út af við heilsu mína. Þetta var þó eigi að sök, síst svo að ég finni til þess eða léti það hamla mér frá því að halda náminu áfram. Æfingadagana byrjaði ég klukkan 11 fh. og sat ég svo við æfingarnar fram í myrkur eða á meðan ég hafði nokkra skímu. Um ljós og hita var ekki að ræða. Bjarni bróðir minn kom nokkrum sinnum til mín út í kirkju, en aðeins í frímínútum barnanna. Lærdómi mínum miðaði vitanlega seint áfram en svo langt var ég svo kominn í kúnnstinni að árið

1882 lét Bjarni mig einan um að stjórna söngnum og orgelinu sunnudag einn um vorið, er hann var sjálfur til altaris. Lá þá við, að hneyksli yrði í kirkjunni: Að stólversi loknu, átti að syngja lagið „Sælir eru þeim sjálfur Guð“ eða „Hér kem ég sæti syndarinn“, þ.e. þegar gengið var til

bergingar, en sá, sem átti að fletta við hjá mér, nótnabókinni, opnaði hana við allt annað lag, „Heiður sé Guði himnum á“, en það var (og er) í dúrtóntegund, hitt í moll. Þetta sá ég og var svo heppinn að muna númerið við hið rétta lag. Fletti ég því sjálfur upp, án þess að neinnar þagnar gætti við lagaskiftin. Síðan hélt söngurinn og athöfnin öll sinn vanagang. Að lokinni messu kemur Andrés sál. Ásgrímsson (hann andaðist síðar um sumarið) til mín og sagði þessu hughreystingarorð til mín „Ég sá þegar þú áttir að skipta um lög í dag, að maðurinn sem átti að fletta við hjá þér, vísaði þér á annað lag, er syngja átti. En ég dáðist að því, er ég sá, hversu handfljótur þú varst, að finna hið rétta lag og hugsaði sem svo: En hverjum öðrum unglingi, hefði fipast í þessu og látið orgelið þagna í bili; en hér varð engin þögn. Þú verður einhvertíma skjótur til úrræða, drengur minn, ef lætur þú þér eigi bregða við allt“. Ég sagði honum þá, að ég hefði áttað mig nógu fljótt og munað númerið á hinu rétta lagi. Bætti Andrés þá þessu við: „Það er gott að vera glöggur í tölum og muna þær rétt, enda býst ég við, að það komi þér einhvern tíma að góðu haldi og þá eigi síður kjarkurinn og hins skjóta ákvörðun“. Þetta, þótt í léttu væri, festi ég mér í minni, varð hreykinn af því með sjálfum mér, og síðan hafa tölurnar ver mín „sterkasta hlið“, að setja þær á mig og muna vel. Hitt, um „skjótar ákvarðanir“ mína hafa og stundum orðið mér að góðu, jafnvel svo, að þær hafa orðið áhrifamiklar í lífi mínu, t.d. 5. og 6. júlí 1902, er ég tók þá ákvörðun á tæpu dægur fresti að fara alfarinn frá öllum störfum mínum á Eyrarbakka hingað til Reykjavíkur.

Í sambandi við þetta vil ég geta ýmissa smá atburða á þessum árum. Ég var í söngfélagi hjá Bjarna sál. bróður mínum öll þessi ár, þar til hann drukknaði 24. febrúar 1887, eða um 8 ára skeið. Veturinn 1879-80 var frændi minn og einn hinn kærasti vinur, Guðmundur sál. Jónsson frá Meðalholtum með mér í barnaskólanum og einnig í söngfélaginu (hann drukknaði með Bjarna, Sigurði bróður sínum og föður mínum. Vorum við Guðmundur samrýmdir mjög og notuðum mjög tölunóturnar við að læra raddirnar að lögum þeim, sem við áttum að syngja. Síðar, og í jafnframt þessu, komu svo róðrarnir allan ársins hring og hindruðu þeir allan lærdóm minn á þessum árum, enda var enga frekari skólagöngu að ræða framar fyrir mig; ég varð því að láta mér nægja þá 4 mánuði hvort skólaár mín, 1877-1878 á Eyrarbakka og 1879 á Stokkseyri er ég hafði orðið aðnjótandi.

En nú vildi faðir minn, að ég læra eitthvert „handverk“. Hvað hefði það nú, svo sem átt að vera? Ég var ekki hneigður fyrir neitt. Þegar hann því bauð mér að læra trésmíði hjá Jóhanni sál. Jónssyni á Eyrarbakka tók ég þvert fyrir það, enda veit ég ekki hvernig það hefði farið fyrir mér, stráknum, sem nánast gat komið reim í laup eða gatað oka í hann. Þá vildi faðir minn, að ég lærði sjómannafræði, og var hann svo ákveðinn í því, að hann hafði jafnvel samið við Thorgrímsen gamla um það að ég tækist á hendur að verða skipstjóri á „Den lille“ sem Lefolisverslun hafði þá eignast eða ætlað að eignast til vöruflutninga með ströndum fram, milli Eyrarbakka og Reykjavíkur. Fyrir þetta þvertók ég einnig og var tilraunum hans öllum þar með lokið í þá átt að „manna mig upp“. Ég var svo sjóveikur, latur til lærdóms og þverviðið sjálft við að eiga um allt það, er ég eigi vildi sjálfur „finna út“ og vinna. Ég settist því í vefstólinn, og óf alla vetur þar til ég fór frá Syðra-Seli (1885). En ávalt var ég í söngfjelagi með Bjarna. Að öðru leyti er einskis að minnast um störf mín í sönglegu tilliti. Þessi ár 1883-1887 verð ég því, að láta niður falla, en þegar Bjarni sál. var fallinn frá 1887 varð stórfeld breyting í störfum, starfsháttum og stefnu lífs míns:

Nú varð ég svo óviðbúinn og vankunnandi sem ég varð að taka við störfum míns kæra bróður, söngstarfinu við kirkjuna, kennarastarfinu við barnaskólann og auk þessa o.fl, húsbóndastarfinu á heimili hans sem hafði fyrir mörgum börnum í ómegð að sjá, fátækt mjög og skuldugt. Hvernig mér hafi tekist að leysa störf þessi af hendi, skal ég ekki um dæma, en lítinn sóma held ég að ég hafi af þeim haft, engan ávinning, sem reynsluna og þakkir enn minni. Að vísu fór vel á með mér og mágkonu minni meðan ég átti að heita fyrirvinna, hennar og barna, en ég sá þó, að við áttum lítt skap saman, enda mun hún hafa hugsað á aðra leið en ég með mína eigin framtíð, og það orðið henni vonbrigði nokkur er ég fór þaðan 1889. Stóð hún þá ein uppi með barnahópinn sinn, en betri afkomu þó en áður. Einstæðingsskapur hennar duldist mér eigi og fann ég sárt til þess að varða að yfirgefa hana svo stadda, en það var hvorttveggja, að ég vissi, að góður maður hefði þegar góðan hug til hennar og vildi taka hana að sér og börn hennar – sem og varð –, en hitt sá ég og, og hafði sannfærst um það æ betur síðan, að börn hennar, sem þá voru nokkuð á legg komin og gátu orðið henni til styrktar, báru hvorki góðan hug til mín né skildu eða vildu skilja að ég hefði neitt gott verk unnið fyrir hana eða börn hennar. Ég var þá a besta skeiði æfi minnar, aðeins 22-24 ára að aldri, og þótt ég segi sjálfur frá, „kappsamur vel og vildi hag hennar og þeirra í öllu, enda var orð á því gert þá, hversu duglegur ég þótti til allrar vinnu og mér mikið ágengt. En það voru eigi öll börn hennar, sem þannig litu á málefnið, heldur einkum eitt þeirra, sem mér virtist þá og virðist enn hafa verið úrkynja nokkuð og líkist ætt móður sinnar, en að litlu eða engu nema sönghneigðinni, föðurætt sinni, enda hefir hann síðan eigi virt mig viðtals né nein afskipti af mér haft nema lítilsháttar hagkvæm hljóðfærakaup fyrir hann sjálfan án þess þó, að lást vera við þau riðinn, heldur hafa milligöngu annars um þau við mig. Læt ég svo úttalað um það mál.

1888 stofnaði ég söngfélag á Eyrarbakka með nokkrum vinum mínum þar, en skoruðu mjög á mig að kenna sér nokkur lög, og fór ég þangað úteftir anna hvern dag og um helgar allar til að kenna þeim og æfa þá í söng, þeir voru 18 talsins og margir þeirra góðir söngmenn, sem urðu meðlimir söngfélagsins „Bára“ er ég stofnaði þar á Eyrarbakka eftir að ég fluttist þangað. Þessu hins sama fór fram árið eftir.

1889, en það ár fluttist ég á Eyrarbakka, þótt ég teldi mig til heimils á Stokkseyri (hjá Pálmar bróður mínum), þangað til ég kvæntist 1895, en árið 1890 var kirkjan á Eyrarbakka vígð (14 des.) Tók þá Ísólfur bróðir minn við kirkjunni á Stokkseyri og barnaskólanum þar. Við kirkjuvígslu þessa voru sungnir 13 sálmar og þótti söngurinn fara vel fram, enda ágætum söngkröftum á að skipa, m.a. Frú Nielsen, Sigfúsi Einarssyni, Sigurði Eiríkssyni, Guðm. Oddgeirssyni, Bergsteini Jónssyni, Halldóri Gíslasyni trésmið, Siggeir Torfasyni o.fl. Prófasturinn sér. Sæmundur Jónsson þjónaði fyrir altari í síðari hluta messunnar, og var það í síðasta sinni, sem ég heyrði hans undurfögru rödd. Aðrir prestvígðir menn voru þar, að því er mig minnir: Sóknarpresturinn góði, sér Jón Björnsson (d. 2. maí 1882, séra Ísleifur Gíslason í Arnarbæi, séra Jón Steingrímsson í Gaulverjabæ (d. 1891). Vígsluna framkvæmdi biskup landsins, herra Hallgrímur Sveinsson, en stólræðuna flutti séra Jón Björnsson (að mig minnir). Athöfnin öll var hin virðulegasta. Það var þennan dag, áður en gengið var í kirkju, að biskupinn lét kalla mig fyrir sig, heim í „Hús“ og spurði mig með kennivaldsrödd: „Hafið þér tekið að yður að stjórna kirkjusöngnum við þessa hátíðlegu guðspjónustu, sem hér á fram að fara í dag?“

Kvað ég já við því

Sagði biskupinn þá með valdsmannssvip og alvörubunga: „Og eruð þér undir það búinn að preludera og postludera við þá athöfn“? Þótt ég reyndar kunni lítt að aðgreina Prelúdíu frá Postlúdíu var eigi lengra kominn í sönglistinni en það að ég hélt þetta væri eitt og hið sama, sem þó eigi var rétt, svaraði ég óhikandi: „Já, ég þykist vera undir það búinn“. Gekk biskupinn síðan frá mér inn í aðra stofu, en ég fór út í kirkju, óánægður mjög með þennan undirbúning minn og sárgramur biskupi fyrir hina hofmóðlegu yfirheyrslu hans. En það gladdi mig síðar um daginn, er frú Nielsen sagði. „Biskupinn dáðist að söngnum okkar í dag, og þá eigi síður að því hversu vel yður tókst að komast fram úr öllum þessa laga- og sálmafjölda, sem hafður væri við messugerðan, 14 lögum! hann sagði og, að þér væruð ágætur organisti, hefði spilað vel, bæði prelúdíuna og einkum þó spilað fallega hátíðlega Postlúdíu!"

Áratuginn 1890-1900 tek ég nú í einni heild og minnst á ýmis mál önnur en þau er koma sönglistinni við, og býst ég við að hafi þetta þannig framvegis að taka 10 ára bil í einu, en eigi hvert ár fyrir sig, svo að ég minnst á ýmislegt fleira, þó óskilt kunni að þykja aðalefninu, en nú er ég svo þreyttur, að verð að hætta þessu „umli“ í kvöld (8. des. 1941)

Það var á þessu ári 1890 að ég stofnaði „Sjómannaskóla Árnessýslu“ til þess að forða ungum sjómönnum frá landeyðuskap og letingjahætti, drykkjuskap og spilafýsn. Skóli þessi komst á í öllum veiðistöðunum fjórum þar eystra og var við lýði a.m., til 1902. Prófskýrsla frá 1895 er aðeins ein til; talið var, að skóli þessi hafi verið bæði þarfur og til mikils gagns og var hann styrktur nokkur að sýslusjóði Árnesinga; Rangárvallasýsla hafnaði tilboðum um að vera styrktar-þátttakandi og voru sjómenn þó engu færri þaðan en úr Árnessýslu.

Þá hélt ég úti þremur skrifuðum sveitablöðum - Bergmálinu, Kveldúlfi og Ganglera í tveimur eintökum, fólístærð og þéttrituðum; lét ég annað eintakið ganga til ýmsra manna í Árnessýslu og naut ég aðstoðar þeirra með handrit í blöðin frá þeim, sr. Magnúsi Helgasyni, sr. Valdemar Briem, sr. Steindóri Briem, Brynjólfi Jónssyni frá Minnanúpi, sr. Jóni Steingrímssyni í Gaulverjabæ og ýmsra manna á Eyrarbakka. Blöð þessi flest hafa tínst, en ýmislegt það, er í þeim birtist varð til þess að vekja áhuga manna fyrir nýngum, er síðar urðu að framkvæmdum, t.d. vegurinn yfir Flóann, jarðakaup Eyrarbakkahrepps í Óseyrarnesi og Flóagaflí, en sérstaklega ræddu blöðin þó um bindindismálið. Var annað eintak blaðsins látið ganga meðal manna á Eyrarbakka og lesið á fundum stúknanna, bæði unglinga- og undirstúkum, enda var ég æðstitemplar í stúkunni á Eyrarbakka og gæslumaður í barnastúkunni, en þar hélt ég uppi söngfélagi meðal barna. Fékk ég mér þá „Fónógraf“ (1896) til þess að taka upp söng barnanna á valsa, eins og ég gerði síðar (frá 1901-1912) með öll sálmalögin gömlu og rímnalögin, ræðuhöld manna, eftirhermur o.fl. sem nú er geymt hjá Fornminjaverði, í því skyni, að þau megi taka á harðari plötur. Nokkur lög hafa glatast, svo og einnig söngur barnanna frá 1896 og 1897. Sökum annríkis míns, og þess, hve ófullkomin áhöld ég hafði, eru lög þessi og hitt annað, en ég tók á valsana ólitrænt mjög, aðeins til þess gert að finna megið „þráðinn“ í lögnum, heyra raddblæ þeirra er töluðu o.s.frv. þar má heyra tvösöng þeirra Péturs Halldórssonar borgarstjóra og Símons Þórðarsonar frá Hóli, ræðuflutning sr. Haraldar Níelssonar, sr. Bjarna Jónsson, sr. Jóhann Þorkelsson, sr. Björn Þorláksson frá Dvergasteini o.m.fl. svo sem Einar Jochumsson, Odds hins sterka af Skaganaum, Þórbergs Þórðarsonar o.m.fl. Sálmalögin söng Guðm. gamli Ingimundarson frá Bóndhóli (d. 1912, 84 ára) og söng hann nokkur lög þá er hann lifði síðasta

árið; má því nærri geta, að þar er eigi um listrænan söng að ræða, þótt rödd hans væri þá enn fögur og mikil. Rímnalögin söng Hjálmar Lárusson o.fl.

Árið 1892 til 1893 var ég í kaupavinnu á sumrum á Vatnsleysu í Biskupstungum (1889 og 1890), í Skarði á Landi 1891 og í Laugardælum 1892 og á Loftstöðum 1893, en 1894 vann ég að vegagjörd í Kömbum. Árið 1895 kvæntist ég. Við brúðkaup mitt valdi ég þessa sálma: Nr. 324, 26, og 230. Sr. Ólafur Helgason hafði að ræðutexta () „Jeg og mitt hús munum drottni þjóna“. Virtist mér ræðan vera hvatningarorð til mín og konu minnar um það, að við skyldum virða guðstrú, bæna- og sálmasöng á hinu nýstofnaða heimili okkar og „þjóna“ þannig drottni vorum. Á nýársdag árið 1889 varð ég einn af stofnendum „Nýársdagsins“ nr. 56 á Eyrarbakka og jók það mjög á starfsemi mína fyrir bindindismálum og söng í sambandi við það.

Prem vikum fyrir jól þetta ári (1899) komu út Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar - eða réttara: þeir bárust til Eyrarbakk þá, þótt út væru komnir nokkru áður - og var nú tekið til óspilltra málanna með að æfa þá fyrir jólin og nýárið, enda voru þeir ekki allir sungnir um þær hátíðar og jafnan síðar, svo sem um páska, hvítasunnu o.s.frv. svo, að engin nóta var það undan felld. Því var það að sr. Jón Helgason minntist þess í „Verði ljós“ eða „Kirkjublaðinu“ síðar, með lofi að við Eyrbekkingar hefðum verið á undan höfuðstaðabúum landsins með það, að syngja hátíðasöngvana alla. Annars man ég ekki að hafa séð þetta.

Áður en hátíðarsöngvarnir komu til sögunnar voru „aftansöngvar“ haldnir bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka. Var þegar byrjað á þessu í tíð Bjarna sál. bróður míns og kvöldsöngvar þessir ávalt haldnir um jól og nýár. Gleymi ég aldrei ýmsum lögum, en þá voru sungin t.d. Nú sefur grund og bjarkarblómi, Við sérhver takmörk líða, Guð hæst í hæð og Gud, Jehova vi priser dig (sungin í þýðingu, allur sá flokkur, tví- þrí- og fjórraddaður eins og hann er í 1.h. Sange til skolebrug nr. 1 í Bergreensheftunum. Lofið eftir J.G.P. Schultz.) Við kvöldsöngvar þessa tónaðir presturinn Skólabænina, er byrjar svo: Sé nafnið drottins Jesú Kristí blessað o.s.frv. og hafði séra Bjarni Þorsteinsson sem þá var í latínuskólanum sent Bjarna sál. bróður mínum nóturnar, skrifað með eigin hendi og mjög fallega. Átti ég þær nótur lengi síðan, en hefi nú tapað þeim fyrir löngu. Svo stóð á um jólin 1895, að sr. Ólafur Helgason varð, eins og hann sjálfur komst að orði „þegjandi hás“, en til þess að liður þessi félli eigi niður í kveldsöngnum, bað hann mig að tóna bænina, en Ísólfr var þá við orgleið. Tónið þótti takast sæmilega, svo að eigi sé meira sagt, þótt aldrei hafi ég náð hljóðum þeim, er ég hafði áður en ég söng tenór („prímóbassa“) við jarðarför Þorleifs sál. Kolbeinssonar á Háeyri (d. 9. mars 1881), en þá „reif“ ég mig svo að ég ber þess aldrei bæt看 síðan. Það var tenórinn í laginu Konungur Davíð sem kenndi, sem ég reif mig í og var þó Sigurður Thorarensen sem þá söng rödd þessa með mér, en ég var að komst úr mútum, sálmurinn sunginn úti og í hvínandi austan roki, enda var eigi verið að „súta út í það“, þótt veðrið væri vont við því lík tækifæri: Venjan varð að haldast!

Þó var það, á þessu 10 ára tímabili – 1890-1900 – að ég var með þeim mikla fjölda manns, 16. mars 1895, er urðu að hleypa til Þorlákshafnar, sökum hinnar miklu foráttu brims er á skall síðari hluta dags þennan dag og var ég eini maðurinn í þeim mikla hópi, er meiddist í lendingu norðurvararinnar í Þorlákshöfn: Varð fótaskortur á hálum steini tognæði um kviðinn við það; heim komst ég þó, gangandi tveim dögum síðar. En þetta kvöld, 16. mars, var

minningarguðsþjónusta haldin í Eyrarbyggjakirkju um Guðmund sál. Thorgrímsen, er andast hafði 2. s.m. og greftraður var í Reykjavík. Sigurður sýslumaður Ólafsson stjórnaði söngnum og lék „undurvel á orgelið“, einkum lag það í Staphs orgelskóla sem er eftir Pergolesi og Brynjólf frá Minnanúpi bjó vísurnar (eða vísuna) við: „Ef kjósa má, ég kys mér þá“ en eigi hafði neitt verið sungið undir því lagi áður. Áður en ég hóf sjóferð þessa, kl. um 1 1/2 þennan dag, vissi ég, um hátíð þessa og hafði búið mig og aðra undir þátttöku í henni, en bjóst við að koma úr róðrinum í tæka tíð sama kvöldið, en það sannaðist þá, sem oftast að „enginn ræður sínum næturstað.“

Næsta ár, 26. ágúst og fram í september, einkum þó hinn 5.-6. s.m. hófust jarðskjálftarnir miklu og héldust lengi við. Fóru þá allir úr húsum sínum og bjuggu um sig í tjöldum, flestum hjá húsi Guðmundar bóksala Guðmundssonar til loka mánaðarins (sept.). Sunnudagsmorguninn 6. sept, vaknaði ég við það, að ég hentist úr rúmi mínu fram að glugganum og hélt ég þar lengi svo fastur, að ég gat eigið losað mig fyrri en hræringin var afstaðin. Þá var það, að hjónin á Selfossi, Arnbjörn Þórarinnsson og Guðrún Magnúsdóttir urðu undir þekju baðstofu sinnar - og dóu. Veðurbliðan, með jarðskjálftinn stóð yfir var einstök: Blægislogn, heiðskír himinn og hiti í lofti, en mugga nokkur í fjarlægð, svo að lítt sást til fjalla. – Við áttu þá sem oftast, fallegan kött, bláan, er ávalt gerði okkur aðvart um það, með 2-3 mínútna fyrirvara, ef hræring var í vændum: Allar dyr á húsunum voru hafðar opnar út á götu, en þótt kisi svæfi sem fastast inni í rúmi sínu þaut hann út og mjálmaði hátt inni í herbergi það, er við sváfum í, og hann fór, sýnilega til þess að vara okkur um að fara út, eins og hann og forða okkur. Við höfðum hann svo í tjaldi okkar og undi hann sér þar vel, enda hélt hann þar einnig áfram aðvörunum sínum. Líklegast þótti okkur og öðrum að kisi hefði heyrt til skruðnings í fjöllum, fremur en fundið hræringarnar, áður en við urðu þessa vör. Landið gekk í bylgjum, en þeir, sem á gangi voru eða á reið fundu lítt til þeirra, sáu aðeins bylgjuganginn eins og öldur á sjó væri. Kvöldið 26. ágúst urðum við fyrst hræringanna vör. Var ég þá með Guðm. Oddgeirssyni, Gísla Jónssyni („Gísla Túborg“) og Guðm. Guðmundssyni (nú á Selfossi) á gangi um hlaðið á Stóru Háeyri, kl. 10-11 um kvöldið. Heyrðum við þá hundgá mikla – ég held að allir hundar á Bakkanum hafi verið í þeim kóri – bárujárnsþökin á húsunum skröltu, eins og væri verið að flegja mörgum plötum hverri ofan á aðra, en eigi fundum við neina hreyfingu undir fótum okkar. Kl. 2 um nóttina kom næsti „kippur“. Engan sá ég né heyrdi hræddan, þótt stundum gengi mikið á: Menn voru aðeins varir um sig og því meir, sem fréttirnar fór að verða alvarlegri, einkum eftir 6. september. Nokkru áður, eða 7. júní 1896, var það, að ég féll útbyrðis af Oddi, og hef ég skrifað um það á öðrum stað, en ávalt farið dult með til þetta.

Árið 1897 byrjaði ég að taka sönglög á grammófónvalsa, með því að láta skólabörn mín og barnastúkubörnin syngja inn á þá nokkur lög. Því miður brotnuðu valsarnir og hætti ég svo við þetta fram til 1903, sem áður er getið.

Nú kom aldamótaárið. Nóttinni milli 31. des. 1900 og 1. janúar 1901 gleymi ég aldrei. Undirbúningur okkar var góður og mikill. Öll hús dyr og gluggar ljósahaf eitt. Kvæði orkt og sungin, en allt kvöldið 31. des. var óhemjurok af suðri og ausandi rigning. Tungl var í fyllingu, milli 1. og 2. kvartils, og kl. 11 birti svo upp með einu hinu glæsilegasta útsýni yfir hauður og haf, sem ég hefi nokkru sinni séð. Hvílik dýrð! Hvílik kveðja 19. aldrainnar og heilsun hinnar 20! En um kl. 1 syrti aftur að með stórfelldum hagléljum öðru hvoru, uns nýjársgadagurinn rann upp,

bjartur og fagur fram undir hádegi. Syrti þá mjög, en varð bjart og gott veður eftir hádegisd, eða um miðmundaleytið.

Söngurinn þetta kvöld og allan nýjársgdaginn ómar enn í eyrum mér, enda stóð þá söngfélagið okkar „Bára“ „upp á sitt besta.“ Lög, kvæði og textar voru allir „hektograferaðir“ og því útbýtt meðal allra Eyrbekkinga og Stokkseyringa, er skemmtu sér vel saman hátíðarstund þessa. Sr. Ólafur Helgason, hinn góði maður og vinur okkar allra hélt ágæta stólræðu á báðum stöðum um daginn og við („Báran“) fórum austur að Stokkseyri til þess að taka þátt í söng þeirra þar, en Ísólfur lék á orgelið „Fantasíur“ miklar og fagrar er hann „improviseraði“, bæði fyrir og eftir messugjörðina. Var til þess tekið hversu vel honum tókst þetta, án þess að hafa nokkrar nótur fyrir sér. Hann „komponeraði“ það reiprennandi, eins og sagt var að væri venja hans við messugjörðir, jarðarfari o.s.frv. Því miður dóu þessir fögru hljómar út samstundis og hann framleiddi þá, enda eigi víst að hann hefði getað „handsamað“ þá alla, síst svo fagra. Þá segi ég skilið við 19. öldina! Á henni fæddist ég og lifði mína björtustu ævidaga, til 35 ára aldurs og geng svo inn í hina 20. með björtum vonum og besta trausti þess, að hún verði mér björt og góð, en á henni á ég að enda ævi mína. Það verður eigi umflúið og því sjálfsagt að taka því vel. En það, sem af henni er þegar liðið, hefir verið svo að á hafa skiptst skin og skúrir, reynslan orðið raunveruleg, þótt heilsan hafi jafnan verið góð og ég fengið að njóta vináttu og mikilla gæða ástvína minna og annarra.

Fyrsta tug aldarinnar tek ég til athugunar í sömu lund sem síðasta tug hinnar 19., en búast má við, jafnvel þótt þetta liggja nær mér en hitt, að langsótt verði það, slitrótt og sundurlaust, enda allt eftir minni og því „rubbað“ upp eins og sé ég að skrifa vini mínum sendibréf!

Árið 1901 var að litlu leyti sögulegt, nema því að þá stóð ég, eins og reyndar áður - í erjum nokkrum við Guðmund Ísleifsson og var það enginn gleðióður eða fagnaðarsöngur; því sleppi ég, enda mun ég hafa vikið að því annarstaðar, en að hinu leitinu reynt að gleyma því. 1902 flytjum við svo, kona mín og ég okkur og öðrum að óvörum til Reykjavíkur. Dvel ég þá frá 6. júlí til miðs ágúst mánaðar hjá vini mínum og félagi, Siggeir Torfasyni og Helgu konu hans við Laugaveg 13. Þá fáum við leigt, enda kom kona mín að austan um þetta leyti - hjá Óla norska við Laugaveg 19, en flytjum þaðan í október til Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar að Laugavegi 41, erum þar fram á vetur, en flytjum um vorið til Hans pósts við Laufásveg 27. Haustið 1902 fæ ég svo atvinnu í búð Th. Thorsteinsson til nýjárs, síðan hjá Geir Zoega í janúarmánuði og febrúar fer Albert sál. Þórðarson í Landsbankann frá Brydesverslun og æ ég þá stöðu hans þar, sem bókhaldari. Ég verð að geta þess hér - þó eigi sé það til frægðar sagt, að ég var alls eigi undir það búinn, að taka við þeirri stöðu: Kunni eigi til neins bókhalds, heldur aðeins „afhendingar í búð“! Komossement kunni ég eigi að semja, Faktúrur, Rekapitulationier né heldur að rita og semja bréf „á dönsku“. En áræði mitt kom mér þá að góðu sem oftast, enda hitti ég þarna fyrir góðan mann, N. B. Nielsen fulltrúa veslunarinnar, sem sagði mér til um allt þetta, samdi bréfin flest og leiðbeindi mér í öllu. Þar var alt fólk ágætt, en nú fór að þyngjast fyrir fótinn. Skipaútgærd verslunarinnar og síðan mín eign (1903-1907) o.fl. o.fl. hlóðst nú á mig, en ég gaf ekkert eftir, hvorki mér né öðrum. Allt fór vel!

Heima hafði ég, eins og áður á Eyrarbakka, fjölda lærlinga (á orgel) og skildi ég naumast í því hvernig á því gæti staðið, að menn komu til mín með þá hluti, þar sem ég var öllum svo

ókunnur. Síðar fékk ég pata af þ því hvernig í öllu lá. Steingr. sál. Johnsen hafði komið í „Húsið“ einhvertíma um aldamótin, staðið í fordyri Eyrarbyggjakirkju nokkurn hluta dagsins og hlustað á söng okkar og „spilerí“ mitt (!). Þegar suður kom hafði hann sagt „þeir syngja miklu betur á Eyrarbakka en hér og svo er organistinn þeirra svo áhugasamur og ágætur í sínu starfi, að ég varð alveg hissa“ – þetta hafði frú E. Nielsen frætt hann um og menn hér lagt eyrun við „frásögn þvílíks söngfræðings“.

Þá var farið að hugsa um að byggja Fríkirkjuna. Arinbjörn bókbindari og Gísli Finnsson, Kristján Pétursson og presturinn sjálfur, sr. Ólafur Ólafsson, en hann var góðvinum minn, þótt eigi kysi ég hann „á þing“ þá um vorið, en það varð til þess að ég for svo skyndilega af Eyrarbakka – þessir menn og margir aðrir töldu alveg sjálf sagt að ég tæki að mér Fríkirkjuna, enda væri eigi um aðra og síst svo „færa“ að ræða, því Brynjólfur Þorláksson tæki við af Jónasi Helgasyni (hann dó árið eftir, 1903). En hvernig var það, átti ekki pedalorgel að koma í báðar kirkjurnar? Jú, en þess konar verkfæri kunni ég eigi með að fara, og því réði ég mig eigi til starfsins lengur en þangað til það komi, eftir 1 eða 2 ár, jafnvel 3. Ég notaði því Harmonium, ágætt hljóðfæri sem ég átti. Kaup var nefnt 250 kr. um árið. Söngfólk ágætt streymdi að t.d. Gísli Finnsson, Sigurgeir Torfason, Valdemar Ottesen, Daníel Þorsteinsson („Í Slippnum“), Sigurður Þorsteinsson hjá Zimsen, Ragnar bróðir hans, Sigurður Hjörleifsson múrari (ég held að hann syngi þar enn!), Hjörtur Hansson, Vigfús Guðbrandsson klæðskeri, Vilhjálmur Jakobson skósmiður o.fl. Svo og Hólssystur, Jóna og Halldóra, Margrét Halldórsdóttir (nú frú Bergmann), Ragnheiður Jónsdóttir Vesturgötu (hún syngur þar enn millirödd), Sigríður Ásbjarnardóttir (nú kona Sigurjóns í Álafossi) Eygló Gísladóttir (Finnssonar) Guðlaug Kristjánsdóttir Teitssonar, Sigríður Þorsteinsdóttir Jónssonar járnsmiðs, er syngur enn í kirkjunum hér, Laugarnessystur, Helga Elísabet (Waage) og María (Markan) síðar, þá ung mjög, allar Einarsdætur, svo og síðar: Einar yngri Kvaran (að mig minnir), sr. Sigurgeir Sigurðsson (nú biskup) og Sigurður Eiríksson faðir hans o.fl. sem ég man nú naumast nöfnin á, nema Jóni sál. Jónassyni, Helgasonar organista. Sumt af fólki þessu var þó eigi samtímis, en alltaf sótti það svo vel æfingar og kirkju, a.m.k. framan af, að segja mátti að söngurinn væri sæmilegur. Hitt var annað, að kirkjan sjálf var alveg óhæfileg til söng í henni og vík ég að því síðar.

Nú kom orgelsmiðurinn, Christensen, og tók nú að byggja bæði orgelin í senn. Engu réði ég um tilhögun þeirra, enda eigi til þess ætlast, að ég hefði neitt með þau að gera; smíði stóð yfir um 2-3 ára skeið og því Christensen var maður hægfara, duttlungafullur mjög og sérvitur, en góður smiður var hann og allra besti maður (hann var haltur); lokað hann sig inni í herbergi sínu oft um fleiri daga skeið og fékk enginn að koma nálægt honum. Smíðastofa hans var við Laufásveg 2, hjá Eyvindi Árnasyni, en sjálfur bjó hann í syðsta húsi við Lækjargötu, sem nú er hús sr. Bjarna Jónssonar.

Þá fór að draga að því, að ráða þyrfti organista við Fríkirkjuna, þegar hið nýja pípu-orgel kæmi til sögunnar og var á mig leitað með það mjög, að ég tæki það starf að mér, en ég færðist undan, einkum vegna annríkis og þess að ég kunni eigi með það að fara. Lét ég þó loks til leiðast og keypti mér orgelharmonium með 2 manuala og pedal til þess að æfa mig á. Hljóðfæri þetta fékk ég frá hinum góðkunna viðskiftamanni mínu K.A. Anderson í Stokkhólm, en seldi það síðan og keypti mér aftur í haust til þess að gefa það Tónlistarskólanum, orgelnemendum til æfinga.

Sumarið 1903 andaðist Sigurður, sonur Einars Hjörleifssonar og var hann jarðsunginn frá Fríkirkjunni að viðstöddu miklu fjölmenni, meðal þeirra voru þeir Jón Helgason lektor Prestaskólans, síðar biskup og Jónas gamli Helgason organisti. Við kirkjuathöfnina notaði ég lagið „Tænk naar en Gang“ eftir (þ.e.lagið) norska tónskáldið Lindeman (Ludvig M. Lindeman) við sálminn „Ó blessuð stund“ og mun það, sem mörg önnur lög er ég notaði eystra og síðan hafa komist í notkun og kirkjusöngsbækurnar verið notað hér í Reykjavík. Að athöfninni lokinn kom Jónas gamli Helgason til mín og sagði „Aldrei höfum við nú notað þetta lag hérna í Reykjavík; það er ágætt lag og á vel við þennan sálm, en ekki finnst mér það taka fram hinu hátíðlega lagi eftir Bergreen“. Lagði ég fá orð til þessa, en sagði að mér þætti það „eiga vel við þennan sálm,“ eins og Jónas sagði og skildum við svo í besta bróðerni.

Daginn eftir var ég niðri í herbergi pósthólfanna og beið þess að sjá bréf til mín eða Brydesverslunnar. Herbergið var troðfullt af fólki sem beið hins sama sem ég, eftir bréfi. Veit ég þá eigi fyrri til um að slegið er snögg á öxl mína, að baki til; ég leit við og sá að það var Jón Helgason sem ávarpaði mig nú með háum og hvellandi rómi og segir: „Hvaða lag var það Jón Pálsson sem þér voruð að bjóða okkur Reykvíkingum uppá við jarðarför hins ung og efnilega pilts, Sigurðar sáluga Hjörleifssonar í Fríkirkjunni í gær“? Þótt ég finndi kuldagust lítilsvirðingar leika um mig og hrottabelginginn frá guðsmanni þessum svaraði ég blátt áfram, hægt og rólega: „Lagið er eftir norska tónskáld Ludv. M Lindeman, alkunnugt lag sem ég notaði stundum eystra við sálm þennan. Það þótti þar eiga vel við jarðarfarir.“ „Ja soo! sagði lektorinn, „en ég get sagt yður Jón Pálsson (og nú belgdi hann sig upp mjög) að engum organistafúskara í Provinsbæ í Danmörku mundi verða liðið það, að nota annað lag við sálminn Tækn naa en gang en það, sem þar er notað og einnig hér og alls ekki við svona tækifæri þótt þér leyfið yður það. Þar mundi yður ekki líðast að láta það heyrast, enda hneykslaði það mig mjög og marga aðra í gær“. Það fauk í mig ég svaraði: „Það kemur yður ekkert við hvaða lög ég nota í Fríkirkjunni - hún er ekki yðar hús -. Ég er enginn organistafúskari í neinum Provinsbæ í Danmörku og þekki engan þeirra. Þeir koma mér því ekkert við, frem en þér herra lektor. Hugsíð aðeins um yðar fúskara en ekki mig“. Hann hrökk saman í kút; átti ekki von á að sér væri svarað svona fullum hálsi, læddist út úr mannþrönginni þrútin af reiði. Sennilega hefði hann þolað þessi orð af munni einhvers dansks organistafúskara betur en mér, íslenskum. Síðan hefi ég haft takmarkaðar mætur á manni þessum, hanagali hans og gosa-látum. Þótti mér þá sannast orð amerísku konunnar er sagði þegar hún heyrði að hann (Jón Helgason) væri biskup orðinn eftir Þórhall, sem hann dáði mjög: „Æ hann er alltaf svoddan „gosi“ hann Jón minn!“

Nú kynntist ég manni einum, sem ég hafði gert mér allgóðar vonir um, að margt gott mætti af læra, einkum á sviði sönglistarinnar. Að vísu var von mín eigi ugglaus með öllu, því ég hafði heyrt að hann væri eigi allur þar sem hann var séður. Hann var sagður öllum öðrum fremri hér á landi að leika á Harmonium, fara vel með lögin eða það sem hann lék og hafði ég sjálfur heyrt það og reynt, að hann mundi standa flestum framar, en þó einkum mér. Hann hafði farið utan, lært það þar sem engir aðrir höfðu lært og hafði getað gert betur ef hann hefði stundað það nám vel, en svo var eigi. Hann stó hér fyrir söngfélagi í K.F.U.M og var væntanlegur eftirmaður vinar míns, hins staðfasta trausta manns, Jónasar Helgasonar Dómorganista. Hinsvegar var sú löngun mín að kynnast honum eigi efasemdalaus um það að við ættum skap saman, því ég hafði fengið einhverja snoðir af því, að hann væri eigi sem hollráðastur né heil í viðskiptum, og hafði

það m.a. komið fram í samvinnu hans við Jónas Helgason, sem hann taldi löngu úreltan og einskisnýtan í starfi sínu. Síst á því, að geta handleikið pípuorgelið eða neitt við þá átt: Ég heyrði Jón Helgason lektor tala um mann þennan og Jónas, þá er ég o.fl. menn vorum staddir við dyr Eymundssonar bókaverslunar og töluðu um nýju orgelin. Sagði lektorinn þá: „Það er Brynjólfur Þorláksson einn manna hér á landi sem með þvílíkt hljóðfærabákn kann að fara, og það hlægir mig, að sjá hann Jónas okkar Helgasona fara fingrum og fótum um það. Ég vona að hann verði ekki svo djarfur að bjóða okkur upp á það!“ Maðurinn, sem ég vildi - með hálfum huga þó - kynnast var einmitt Brynjólfur Þorláksson! Og ég fékk að kynnast honum!

Þegar lektorinn lét dælu sína ganga um yfirburði þessa manns og það hvers konar voða gripur það væri þessi pípuorgel, fór að fara í mína lítil sigldu sál. Það var að vísu enn eigi afráðið ég færi „fingrum og fótum“ um Fríkirkjuorgelið, en þessi orð lektorinn höfðu þau áhrif á mig, að ég var staðráðin í því að neita því öllu. Ísólfur bróðir minn sagði þá við mig, en við bárum jafnan ráð hvors annars undi hinn: „Sjáðu hvernig þér gengur að æfa þig á þetta Pedal-Harmoníum sem þú ert að tala um að fá þér. Ekkert liggur á, og það væri gaman fyrir þig, að geta átt eitthvað við það þótt ég viti, að þú munir eigi vilja verða þér til minnkunar, en það kemur ekki til þess. Bíddu bara rólegur, og láttu sjá hvað setur; það getur allt farið vel“. Nokkrum dögum eftir að lektorinn ræddi við okkur þarna í Lækjargötunni andaðist Jónas Helgason, en hann varð bráðkvaddur miðvikudaginn 2. september 1903. Hann varð þá eigi keppinautur neins um að fara fingrum og fótum um orgel Dómkirkjunnar. Síðasta sunnudaginn, sem Jónas Helgason lifði talaði ég við hann fyrir utan hús hans við Laugaveg nr. 3. og spurði hann í einfeldni: „Er hann falskur, hann Brynjólfur Þorláksson?“ „Ég vil fátt um hann tala, en þér fáið að reyna það ef þér kynnist honum betur. Aðeins segi ég: Verið varir um yður!“ Sá ég hann svo eigi frammar í lifanda lífi, en ég saknaði hans mjög og hefi oft síðan séð hversu þarfur maður hann var landi sínu og þjóð.

Fríkirkjan var vígð 22. febr. þetta ár og ég hafði tekið að mér organistastörfin þar. Fann ég þá bráðlega, hversu óhæf hún var til þess, að syngja í henni, hversu góður sem söngkraftarnir voru – og þeir voru ágætir. Meðal þeirra er þá sungu þar, var Guðmundur sál. Gunnlaugsson (Gvendur snild“) en hann var einnig söngfélagi K.F.U.M er mig minnir að nefndi sig „Kátir piltar“ og stjórnaði Brynjólfur Þorláksson því. Einhvern pata hafði Br. Þ. af því að söngkrafturinn við kirkjusönginn í Fríkirkjunni væri fremur góðir, en kirkjan sjálf eigi vel til þess fallin, að þar gæti söngur góður verið. Hann langaði að „prófa“ þetta. Sunnudag einn bar svo við, að ég gekk suður Lækjargötu, að ég sá hóp manna koma út úr kirkjunni og Gvend snild koma hlaupandi á móti mér. Ég sá, að hann mundi hafa verið í þessum hópi og spyr hann: „Hvað er um að vera í Fríkirkjunni núna? Það er langt síðan að úti var þar messa. Kemur þú ekki þaðan?“ „Jú, við vorum þar allir, Kátir piltar; Hann Brynjólf langaði til að reyna hvernig það væri að syngja í kirkjunni“ Sagði hann þetta með háðslegu brosi, enda var hann spaugsamur mjög. „Og hvernig líkaði honum svo að heyra til ykkar þar?“ spurði ég. „Alveg ágætlega“ sagði hann enn spaugilegri á svipinn. „Jæja! Segirðu þetta satt Guðmundur?“ spurði ég í einfeldni minni. „Þú mátt nærri geta hvort ég segi ekki satt: Hann Brynjólfur hoppaði af kæti og sagði, að þótt allir englar himnaríkis vildu reyna að syngja þar, þá yrði sá söngur ómögulegur vegna þess að hann færi allur út í veggina og hvelvinguna, sem allt er klætt með pappa; það væri eins og að syngja í barm sinn eða ofan í ullarpoka!“ „Og virtist þér þetta gleðja hann svo mikið?“ „Æ, hvað er þetta Jón? Þekkirðu ekki innræti mannsins og hug hans til þín og okkur, sem með þér eru við

sönginn þar?“ Nú skildi ég ! Og ég skildi það oft betur síðar, en hugsaði sem svo: Von er, þó Jónas heitinn varaði mig við honum og það gerði ég, að varast hann eða nokkur afskipti af honum.

Síðar, eða 1904, fengu ýmsir sjómenn, einkum þeir er ég þekki frá sjómennskuárum mínum frá 1882-1883 á Seltjarnarnesi, til þess að stofna með þeim nýtt söngfélag. Einna ákveðnasti lagði Loftur sál. Loftsson æskuvinnur minn frá þeim árum og alla tíð síðan, að mér, að æfa þá og gekk það svo vel, að þeir komu því til leiðar, að afráðið var að halda opinberan söng í Bárunni. Til þess að vera öruggir um að allt færi vel og yrði okkur og félaginu eigi til minkunnar, vildu þeir bjóða mörgum helstu söngmönnum bæjarins á „generalpröve“ áður en samsöngurinn væri auglýstur; meðal boðsmanna áttu og „Kátir piltar“ að vera, með Br. Þ. í broddi fylkingar; þeir komu allir og sögðustu hlakka mikið til, því þeir vissu að „fönginn væri fær í allan sjó“ hvað þetta snerti. Æfingin fór fram og er svo eigi meira um hana, en sama kvöldið var það komið út um allan bæ, að Jón Pálsson hefði látið „söngfélag sjómanna“ „skandalisera“ fyrir fullu húsi í Bárunni, þ.á.m. Brynjólfi Þorlákssyni“ er hefði sagt: Þetta er ein hin aumasta frammistaða sem ég hefið vitað: allt ramfalskt og taktlaust.“ Samsöngurinn var aldrei auglýstur og félagið hætti, svona af sjálfu sér. Ég var þessu feginn og hét því að stofna eigi framar til söngfélags hér í bænum, a.m.k. eigi svo að til opinberar birtingar kæmi. Sjálfur vil ég ekkert um þessa frammistöðu mína eða sjómanna segja, en ekki tóku þeir allir þessari dulbúnu „krítík vel og síst vor þeir mér þakklátir fyrir það að „láta bugast undan rógmælgri óvildarmanns““ míns. Áttu þeir þar við forstjóra Káttra pilta og ýmsa aðra í hinu hákristilega félagi K.F.U.M, sem þeir töldu þá þegar vera orðið megnustu „klíku“ bæjarins, skreytta fagurfjöðrum kristilegs lífarnis og góða siði. En hafi þetta ver réttlátur dómur um þetta, að ýmsu leyti góða félag, sem það í raun og veru er enn, þegar á þeim tíma, þá fór því ekkert aftur í þeim sökum, heldur var það í stöðugri „framför“ og dró síst úr henni meðan séra Haraldur Nielsson starfaði hér, því svo „fráleit“ var starfsemi hans öll í kristindómsmálum og hættuleg, að það var til saurgun hin mesta fyrir sérhvern sanntrúaðan K.F.U.M. mann, að láta sjá sig í kirkju hjá honum eða að hlusta á nokkurt orð, sem hann sagði. – Helgiblærinn hefði oft verið hafður til þess að skýla hræsninni. „Kátir piltar“ var söngfélag mjög gott og söngstjóri þess, Brynjólfur Þorláksson bæði duglegur og stjórnsamur, enda var hann í miklu álit, sem lipur orgelleikari á Harmonium. Sérstaklega var hann í miklum metum hjá Birni sál. Jónssyni ritstjóra Ísafoldar, sem oft birti greinar um hann í blaði sínu, enda var það rétt, að enginn hér stóð honum á sporði í þessum efnum. Við mig var Brynjólfur Þorláksson ávallt svo, sem hann ætti í mér hvert bein, hrósaði mér fyrir hæfileika mína og kvartaði mjög undan því hversu Fríkirkjan væri óhæft hús til þess, að þar gæti góður söngur farið fram, en hinsvegar mundi mér takast með hinum góðu hæfileikum mínum (!) að yfirstíga alla erfiðleika.

Einhverju sinni komu þeir allir saman til mín í Fríkirkjuna, er ég var þar að æfa mig á Harmoníið, Brynjólfur Þorláksson, Þorkell bróðir hans og Sigvaldi Stefánsson (er síðar nefndi sig Kaldalóns) og sátu á bekk einum í miðri kirkjunni og undir loftinu allt að því hálfan kl. tíma að mér virtist, uns ég varð þess var, að ég var þar eigi einn inni, og kallað niður í kirkjuna og spurði hvort þar væru nokkrir menn. Svaraði Sigvaldi þá svo: „Já, það eru hérna þrír strákar að hlusta á þessa indælu Prelúdíu sem þú spilar svo ágætlega. Eftir hvern er hún annars? Spilaðu fleiri, það er svo indælt að hlusta á þig!“

Nokkrum dögum síðar kom ég til Gísla Finnssonar járnsmiðs við Vesturgötu 38. og segir hann þá við mig. „Þeir komu hérna í gær, hann Brynjólfur Þorláksson og hann Sigvaldi Stefánsson og spurðu mig, hvort það væri virkilega meaning okkar Fríkirkjumanna að ráða þig til þess að verða organisti okkar þegar nýja orgelið kæmi og sagði ég þeim, að það hefði komið til tals. Sögðust þeir hafa hlustað á þig, einhvertíma nýlega og þeim eigi dámað að“. „Hvað þótti þeim að?“ spurði ég. „Þeir báru lítið orð á það, en þeim var þungt niðri fyrir og ég sagði þeim að þú hefðir reynst sæmilega það sem af væri, enda vorum það við, safnaðarstjórnin, sem því réði, en engir aðrir, hvern við fengjum til þess starfa. Við yrðum sennilega að notast við þetta sem margt annað ófullkomið til að byrja með, því við værum frumbýlingar og starf okkar í óþökk margra. Þetta skildu þeir, og fóru við svo búið, en sögðu um leið og þeir kvöddu mig: „Já, - en nýja orgelið?!““

1906 drukknaði æskuvinnur minn, Loftur Loftson (5. apríl) og síðar, 26. s.m. móðurbróðir hans, Guðm. Einarsson í Nesi, sem einnig var góðvinur minn. Var mér að þeim mikill söknuður og sár, því þar var hreinskilnin og tryggðin í réttum mæli.

1907 og næstu ár seldi ég alveg óvenjulega mörg hljóðfæri, Harmoníum frá K.A.Andersen í Stokkhólmi, en sölu á þeim byrjaði ég 1890, og píanó frá H. Lubertz í Berlín. Christensen orgelsmiður seldi þá Hornung og Möllers Píanó en aðeins 3 eða 4 á ári. Þegar hann fór héðan, fékk ég umboðið og seldi sum árin milli 20 og 30 píanó frá þeim

En um þetta leyti, 1907 og 1908 fékk ég keppinaut einn, sem auglýsti sig þannig: G Blöndals (eða G.J Blöndals) – Piano-Magasín. Þetta volduga Firma og Piano Magasín settist í í Austurstræti 17 og barst mikið á: Meter breiðar og langar auglýsingar voru birtar þar í öllum gluggum, með jafn víðáttumiklum meðmælum frá vini mínum Brynjólfi Þorlákssyni, er aldrei hafði nokkru sinni áður kynnst þvílíkum gersemum hljóðfæra. Þau þoldu jafnvel eld og ísa (vætu) og vor svo ódýr að undrun sætti. Sjálfur var hann (Br. Þ.) á engan veg við þá sölu riðinn (!) Eigandi firma þess hét Ásgeir Ingimundarson, bróðir Péturs, komnir norðan úr Húnavatnssýslu. Á ég enn bréf um það, sem sýnir heimildina fyrir firmanafninu og hvernig hún er til komin. „A. Blöndals Pianomagasin“. Seldi mörg hljóðfæri, þ.á.m. frá sumum þeim firmum er ég hafði þá umboð fyrir, jafnvel H. Lubitz o.fl. en nokkru síðar (1909-1911) varð þetta volduga firma „fallit“ (gjaldþrota) svo, að skuldheimtumenn þess fengu kr. 0,29 – tuttugu og níu aura – í sinn hlut af hverjum 100 krónum sem firmað skuldaði þeim eða 0.29%. Eigandi firmans strauk frá konu og börnum til Ameríku, var þar hinn nauðsynlega fyrningartíma sinn allra saka og kom svo heim hingað fyrir nokkrum árum og límur nú veggfóður í hús manna hér í bænum. Aðferð hans við sölu var þessi:- og hana hafa fleiri haft, t.d. Sigurður Þórðarson tónskáld o.fl. – að hann pantaði t.d. 600 króna hljóðfæri og seldi það fyrir 300 kr, en viðskiptamönnum sínum aðeins nokkrar krónur, svona við og við, og á meðan hann var að fá nýjar birgðar frá þeim, uns vélin (þ.e. svikamyllan) stansaði. Afl Brynjólfs Þorlákssonar til þess að „drífa“ vél þessa, dugði þá eigi betur en þetta. Það var í bili, nokkur hnekkir að þessu fyrir mig, en ég seldi æ því meira eftir á og þegar menn sáu svikaklíkuna hjaðna og verða að engu á sjálfs sín brögðum eða þeirra, sem að henni stóðu.. – Sigvaldi Stefánsson lofaði og mjög þetta mikla firma A. Blöndals Píano Magasín. Nema hvað? En eigi man ég til þess að hann gerði það „opinberlega“. Þess var eigi von!

Brynjólfur Þorláksson varð organisti eftir Jónas Helgason og jafnframt söngkennari hér við barnaskólann og e.t.v. fleiri skóla en eigi varð ég var við að „fótspilið“ í nýja orgelinu slitnaði mjög unda fótsparki hans (sbr. það sem Júl. Havsteen sagði um það á sóknarnefndarfundum 1903) fremur en fótsparki mínu á Fríkirkjuorgelið. Hann Br. Þ. hafði „lært í Danmörku“ (!), en ég hvergi neitt. Þetta var m.a. til þess að sýna hinum mikla mismun í hæfni þessara tveggja manna og skal því síst neitað, að hún hafi eigi verið jöfn, en hvaða þörf var á að gera mikið veður út af því: Annar þeirra var „lærður“ og það var væri nóg; hinn var aðeins „fúskari“ eins og lektorinn vildi láta á sér skiljast, að hann væri nokkurs konar „skottulæknir“ eins og „lærðu“ læknarnir hafa valið þeim nafnið er alþýða manna þó nefnir „læknana af guðs náð“. Og er það virðingarnafn, en eigi neinum til vanvirðu, þótt svo sé til ætlast. Er hér eitt dæmið um embættismannahrokann, heimskuna og illgirnina, eða því þurfa menn þessir að vera að niðra öðrum til þess, að reyna að gera sinn veg meiri. Er þeim eigi nóg, að hafa verið „á skóla“ – í skóla hafa þeir eigi verið eða svo sýnist, þar sem þeir kunna eigi betur móðurmál sitt en svo, að segja á skóla, á skrifstofu o.s.frv. en hér segja þeir eigi að þeir hafi farið á kirkju eða á sveit – sem þeir að vísu hafa verið í vissum skilningi sumir hverjir. – Í stað þess að hafa verið í sveit? Eða farið í kirkju, sem þeir munu reyndar fæstir fara. Heyra menn eigi hina „lærðu“ menn oft og einatt miða tímatal til þess er þeir voru „á skóla“ og rekja ýmsa viðburði til þess, verið „sambekkingar“, farið á skóla eða af honum ári fyrr eða síðar en einhver annar „skítbuxinn“ honum líkur o.s.frv. Og þá eigi síður hitt, orðið stúdent; Hvílikur viðburður! Er það til þess að sýna að hann á eigi samstöðu með sauðsvörtum almúganum og að honum er vansæmd í því að teljast til hans þótt af almúgafólki sé kominn og hann þegið styrk á styrk ofan til þess að ná einhverjum málamyndaprófi og þá helst fyrir atbeina og aðstoð einhvers góðs og göfugs manns, er hann síðan hefir eigi viljað sjá né heyra, heldur jafnvel ofsótt (sbr. Sigurð Einarsson og Thor Jensen o.fl.) Brynjólfur Þorláksson þurfti eigi né neinn fyrir hans hönd að fara í neinn mannjöfnuð, síst við þann sem allir vissu að stóðu honum mikið að baki í „list“ hans, því svo mikill maður var hann og svo stóð hann í stöðu sinni, að Morten Hansen skólastjóri varð oft að senda börnin úr skólanum út um bæ að leita hans í dyrum og dyngjum og fundu börnin þennan kennara sinn með félögum hans stundum í Dómkirkju landsins, sitjandi þar við orgelið með jafn mörgum bjór- eða brennivínsflöskum röðuðum á rimlagrindurnar fyrir framan orgelið og alla viðstadda, þ.á.m. kennarann blindfulla og drafandi „Deleríum (drykkjumannaóráði)“. Hversu mikinn mann hér var um að ræða gætu hænsnin hans Sigurbjarnar Ástvaldar í Ási eitthvað sagt um ef þau mættu mæla, og hann, hinn mikli maður hefði eigi farið í fuglabúr Ástvaldar tekið hænsnin þar um nótt, farið með þau niður í Bárubúð og snúið þau úr hálslíðnum, steikt svo og étið!

Þvílíkur maður þurfti eigi í neinn mannjöfnuð að fara enda um það hafa meðfram verið fyrir þessar aðfarir hans hænsnin hans Ástvaldar og fyrir hans atbeina, að hann var látinn leggja niður störf sín sem organisti við Dómkirkjuna og kennarastörf sín við barnaskólann árið 1912, er hann var að flæmast til Ameríku. En þar sýndi hann svo þann manndóm að leggja niður allan drykkjuskap og stunda störf sín svo, að hann hlaut lof fyrir. Nú er hann kominn hingað aftur, orðinn aldurniginn, en innrætið þó enn hið sama. Varnaðarorð Jónasar gamla Helgasonar 30. ágúst 1903, hafa komið sér vel fyrir mig og er það, sem ég hefi sagt um þennan samtíðarmann minn eigi fyrir öfundarsakir sagt: Ég hefi aumkað hann en eigi öfundað fyrir það, að hafa komist í eina hina bestu stöðu eina eða fleiri og virðingarstöðu mikla, en farið svo að ráði sínu sem

hann, að tapa stöðunni, virðingu góðra manna en sérstaklega þó virðingunni fyrir sjálfum sér. En svo fer þeim er sölin éta, sagði Egill forðum og svo fer þeim er Bakkus gamli nær tangarhaldi á.

Árið 1905, hinn 28. ágúst, keypti ég land það austan Stokkseyrar er til þess var ætlað að þar yrði reist loftskýtastöð, en landið seldi ég svo ríkissjóði 11. maí 1939 og gaf andvirði þess til styrktar væntanlegu drykkjumannahæli. Það er eigi mín sök, að hælið er enn óreist og að eigi hefir verið á það minnst nú um tvö ár og 7 mánuð, en það út af fyrir sig hefir þó þann kost í för með sér, að við hvern mánuð sem líður, án þess að aðalupphæðin, 20 þúsund kr. eru notaðar til hælís fyrir drykkjumenn, eyst annar sjóður svo af vöxtum fjárins, að 100 krónur nemur í hverjum mánuði. Er hann nú rúmar 3000 krónur og ætlað aðstandendum drykkjumanna þeirra, er í hælið kunna að fara, til styrktar meðan húsfaðir eða heimilisfyrirvinnan dvelur þar, svo að fjölskylda þeirra, kona og börn, þurfi því síður að líða nauð, meðan þeir eru að lækna af drykkjufýsn sinni.

Það er síður en svo á ég miklist mikið af þessar gjöf okkar hjóna því hún skerti að litlu afkomumöguleika okkar í framtíðinni. Ég hafði keypt landið ódýru verði, unnið það að vísu nokkuð og kostað til þess fé, en er ég seldi mátti segja að þar fengi ég fundið fé en ég seldi það það ærum verði að mörgum þótti þá, þótt nú, 1941, mundi mega fá fyrir það margfalda þá upphæð en ég seldi fyrir. Hitt er annað mál, að ég hefi hlotið ámæli mikið fyrir þessa ráðstöfun mína, enda seldi ég þrjár jarðir aðrar um leið, en það kom sér illa fyrir ábúendur þeirra, sem setið höfðu þar um mörg ár, án þess að greiða einn eyrir sem jarðargjöld til mín. Samtals skulduðu þeir mér full 8 þúsund krónur, er ég seldi og gjöri ég eigi ráð fyrir að sjá einn eyri af því. – Það kemur því úr hörðustu átt og er fremur óviðeigandi, að það orðleggist á mig fyrir söluna, að ég með því hafi viljað flæma þá burt af þessum ábúðarjörðum þeirra. Hinu tek ég eigi neitt mark á þótt eina saurblað landsins, hinn svonefndi „Spegill“ hafi reynt að setja sitt eigið sormark á mig fyrir gjöfina til hælísins. Það eru „ógild ómagaorð“ hins gæfusnauda ritstjóra Spegilsins 2. júní 1939 og sýnir það eitt að hann á með réttu nafn það, er honum hefir valið verið: „ættlerinn frá Odda“. Þá hafði ég útgerð á 2 skipum, „Golden Hope“ og „Heklu“ á tímabili þessu og hefi ég vikið að því á öðrum stað: „Fyrsti loftskýtaskólinn á Íslandi“: „Svarti skóli“ og víðar.

Árið 1907 fluttumst við frá Laufásvegi 27 að Traðarkotssundi 3 og keyptum við það hús í „braski“ fyrir önnur hús og lóðir, t.d. nr. 72 við Laugaveg, lóðina nr. 21 er ég seldi síðar Kristni vagnsmiði Jónssyni og fleiri hús og lóðir, flest í skiftum fyrir önnur hús og lóðir, til þess að komast úr kröggum eftir útgerð skonnortunnar Heklu en Garðar Gíslason keypti af mér, en það skip fórst með áhöfn allri og mannvali miklu við Mýrar þ. á. m. skipstjóranum unga og efnilega, Þorsteini Egilssyni. Þar bjuggum við til 1921 að við fluttumst að Frakkastíg 12 til vinar okkar, Kristins vagnsmiðs. Alsstaðar hafði ég mikla kennslu á Harmoníum. Einhverju sinni, er ég bjó í húsinu við nr. 27 við Laugásveg, kom Kristín sála Arasen (Systir Guðlaugs) til mín og bað mig að taka af sér frænku sína til að kenna henni á orgel. Ég færðist undan þessu af því að Kristín sagði mér, að stúlkan væri nýbyrjandi og kynni eigi einu sinni nafn á neinni nótu, hvað þá meira, en til þess að kenna svona byrjanda hafði ég lítinn tíma. Sagði þá frk. Arason: „Ég var hjá henni frú Petersen áðan (konu Pétur bæjargjaldkera og móður Helga) og hún benti mér á að fara til yðar

og biðja yður að taka stúlkuna, en síðar gæti hún komið til sín til frekara náms, enda sagði frú Petersen, að lærlingar sem byrjuðu hjá öðrum þekktust úr öðrum fyrir þá sök, að þeir hefðu lært helstu og fyrstu undirstöðuatriðin, fingrasetninguna og taktinn, svo vel hjá yður“. Gullhamrar þessir urðu til þess að ég tók stúlkuna að mér, kenndi henni svo vel sem mér var unnt og tók frú Petersen við henni síðar, eins og ráð hafði verið fyrir gert áður. Stúlka þessi varð síðan ein hin besta til söng- og hljóðfæraíðkana á Norðurlandi, en andaðist ung að aldri. Þá var það 15. desember 1905, að ég gekk í Odd-Fellow félagið og hef ég haft þar söngstjórn í stúkum mínum, Ingólfi nr. 1. til 14. febr. 1935 en síðan og til skamms tíma í stúkunni nr. 5, Þorsteinn, er ég varð þá starfandi að með 29 ágætismönnum og félögum úr Ingólfi nr. 1. – Hefi ég, lengst sem ritari stúkunnar þeirrar stúku eða um 9 ára skeið, haft annríki mikið og ýmis nefndarstörf, enda verið sá félagsskapur hugstæður mjög og hjartfólginn. Í sambandi við þann félagsskap stofnaði ég Sjúkrasamlag Reykjavíkur 12. sept. 1909 við 14. mann og var formaður þess, án nokkurra launa um 27 ára skeið, annarra en þeirra að vera „þegjandi og hljóðalaust“ vikið til hliðar 1. júlí 1936 fyrir öðrum, sem þá þurfti að komast að troðfullri jötu bæjarsjóðs og þiggja þúsundir launa „fyrir vel unnin störf sín“, en þó eigi gjöri ég ráð fyrir erfiðari en við stjórnendur Samlagsins höfðum áður haft, arg og illyndi við bæjarstjórnina um að fá húsaleigu greidda, ritfangakostnað og annað, er eigi var unnt án að komast. Samlagið var frjálst um allt og hefði betur verið að bæjarstjórn hefði engin afskipti af því haft eða það neins styrks notið frá henni. Meðlimir samlagsins fjölguðu á þessum árum úr 14 upp í nál. 7000 alls að meðtöldum börnum þeirra og aldrei kom til hótana um lögtök á einum einasta eyri né heldur framkvæmda um lögtök. Hvernig þetta er nú, læt ég mig engu skipta, né heldur um það hversu menn líta nú á breytingu þessa; en ánægðari eru þeir ekki, enda réði breytingu þessar hin svívirðilegasta pólitík (sósanna), en nú álíka virðuleg stjórn þeirra og Íhaldsins í sameiningu, og fer víst betur á því (?)

Sjúkrasamlagsmálin voru ein hin mestu áhugamál mín, og án þess að skotra augunum til einhverra launa frekar en áður, þegar breytingin varð, hefir mér fundist það óviðfelldið nokkuð, að enginn maður skyldi inna að því, að ég hefði þar nein afskipti frammar. Hver, sem hlut hefði átt, mátti þetta kallast ókurteisi hin mesta og skortur á þakklátssemi við þá menn, er svo lengi höfðu unnið eitt hið mesta þjóðþrifastarf, án eyris hagnaðar eða launa fyrir þau störf sín. Fyrir mér persónulega hafði þetta enga þýðingu aðra en þá að sjá áhugamáli mínu komið í óefni og til óánægju fyrir alla þá nema stjórnarinnar – sviptir enn mikilsverðrum hlunnindum, en varða að sæta margfalt þyngri búsifjum í gjöldum og liggja undir sífelldum aðförum um lögtök og þvílíkan ójöfnuð.

Sú kímnisaga hefur verið sögð, að nokkur eftir að Samlagið hið nýja tók til starfa, hafði forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni (þ.e. í Fælu) komið þar inn, litið á starfsmannahópinn og sagt: „Nú, ég sé að hér eru allir gamlir vinnumenn mínir nema einn!“

Við I.T.J. Brydesverslun hafði ég verið frá því nokkru eftir nýár 1903, en nú fór ég þaðan 1. ágúst 1909. Var mér, að mig minnir sagt, að nú væri „Intet brug for Dem mere“. Þetta var þó í allra mestu vinsemd sagt, a.m.k. svona á yfirborðinu, en mig grunar annað: Ég hafði séð bréf frá Bryde (hinum eldri, en undirskrifað af Herluf, syni hans) þar sagt var: „Herre Christensen har Ansaret for ¾ dele underballancen i Aaar og Herr Jon Paulsen for ¼ dele af samme“! En

„Underballancen“ var þá um 16-17 þús. Krónur. Ég koma þar hvergi nærri hvorki að „kassa“ eða vörum. Árið eftir hitt ég herra Bryde og bað hann að endurnýja þessi orð eða láta nú þau í té skriflega, því ég hefði engan aðgang að bréfinu. Varð hann fár við, en sagði eftir stundarþögn og umhugsun: „Paulson! Det var jo aldrig alvorlig ment og jeg kan forvisse Dem om, at det den Gamles (þe. Eldra Brydes) mandslige Höflighed – De kender, der formulerer disse ord og tvang mig til að underskrive. Jeg vil gerne bede Dem undskylde mig, og vil gerne tilstaa Dem en fuldstændig, skriftlig anerkendelse for a Deres megennyttige Sysselsættelse ved vort Firma!“ Tók hann svo í hönd mér og leiddi mig við hönd sér inn í skrifstofu sína, kallaði á N.B.Nielsen og bað hann að skrifa hin bestu meðmæli sem hugsast gat, þar sem tekið er fram að ég hafi ávalt sýnt versluninni hina mestu árvekni (Aavaagenhed), trúnað (Troskab) og ráðvendni (Redelighed), og á ég skjál þetta undirritað af þeim báðum, Herluf Bryde og N.B.Nielsen. Sá ég svo hinn fyrrnefnda eigi oftast eða fyrri en í Kaupmannahöfn í maí 1926 og bauð hann mér þá heim til sín, en það boð gat ég eigi þegið því ég hafði lofað að koma til læknisins Dr. Viggo Christiansen i Lille Strandgade 18, Hellerup, þar sem ég hafði legið áður og átti nú að koma með næsta sporvagni innan klukkutíma til athugunar, áður en ég fór þaðan eftir nokkra daga, enda var ég búinn að vera marga tíma inni í Höfn þann dag, og bíða eftir konu minna og Guðnýju litlu (þá 11 ára), en þeirra var von frá Leith þann og þann daginn þótt hætta væri á, að þær lentu þar í kolaverkfalli, sem þó eigi skall á fyrr en daginn eftir að þær fóru þaðan. En hvað var svo fyrir hendi hjá mér 1. ágúst? Ekkert! Ég fór því upp í Borgarnes á 44. afmælisdegi mínum, 3. ágúst, og dvaldi þar um nokkurra daga skeið, til þess að hafa úr mér leiðindin. Þau hurfu og ég fór heim.

Þá var mér boðið að láta skipa mig í rannsóknarnefnd um hag Landsbankans, með þeim Karli Einarssyni og Magnúsi Sigurðssyni. Þegar ég hafnaði því boði, var ég beðinn að aðstoða nefndina og því lofaði ég með skilyrðum þó og starfaði svo í Hótel Íslandi, uns mér bauðst stunda-staða nokkur við Landsbankann en það varð til þess, að ég var ráðinn þangað frá næsta nýári að telja (1910), en um allt þetta hefi ég skrifað annars staðar og um dvöl mína í Landsbankanum til 1928, að ég varð að segja lausu vegna heilsubrests (ofþreytu) þarf ég eigi að fjölyrða, því það sést í hinni „Bláu bók“ sem stjórnarráðið lét prenta um öll þau ofsónkarmál bankastjórnarinnar á hendur mér. Þessa mun og getið annarsstaðar.

Þetta sama ár, 1909, var ég kjörinn ritari stórstúku Íslands (IOGT) og árið 1911, Stór templar. Um þetta þarf ég heldur eigi að fjölyrða nú. En árið 1911 kostaði ég för Ísólfs bróður míns til Hafnar til að læra að stilla hljóðfæri hjá Hornung og Möller A/S, og sama ár sendum við hjónin og á okkar kostnað, stúlkuna Guðbjörgu Árnadóttur í Finsens Lys-Institut í Kaupmannahöfn til lækninga við Leypus í nefinu. Þaðan kom hún svo heim hingað um vorið 1913, en fór svo síðar á eigin kostnað til öryggis lækningunni og nú hefur hún starfað um mörg ár sem yfirhjúkrunarkona við spítalann í Vestmannaeyjum.

Það haust, 1913, sendum við svo Pál Ísólfsson til náms í Leipzig og kostuðum hann að öllu leyti. Hann varð að koma heim haustið 1915, vegna áfalls nokkurs, er hann fékk, sökum ofþreytu við æfingar á kirkjuorgel það, er hann lærði á í Leipzig, og var hann hér heima þann vetur. Stóðu þá yfir ofsóknirnar í Landsbankanum, sem áður er getið, og var Páll stundum hjá mér niðri í banka á kvöldin, er ég var að færa inn í höfuðkassabókina eða að leita að einhverri

skekkjunni, sem orðið hafði við afgreiðsluna um daginn. Páll hélt hljómleika bæði í Kaupmannahöfn og víðar, svo fór hann í þeim erindagjörðum til Stokkhólms, en sökum lasleika síns þar, varð hann að hætta við að halda þá hljómleika. Tilraun þessi varð dýr, og hljómleikarnir í Höfn voru allir með tapi, því þótt aðsóknin væri góð, blaðadómarnir ágætir, fór megnið af inngangseyrinum í hina óbætandi hit milligöngumannsins, Wilhelms Hansen, alveg eins og víðast hvar annarsstaðar og þá eigi síst hér, til frú Fiðriksen, þar sem hún nær í einhvern, sem trúir henni vel fyrir sér. Kostnaðurinn við nám Páls Ísólfssonar og hljómleikahald hans erlendis var mikill og hefi ég eigi hirt um að gjöra neinum grein fyrir því, enda öðrum óviðkomandi, en aðeins vil ég geta þess hér, að eitt árið (1918) varð kostnaðurinn aðeins við námið og dvölinu í Þýskalandi kr. 8495. – En miklu minni fyrstu árin, milli 2 og 3 þúsund krónur, en síðan ávalt hækkanði. Ég og kona mín teljum, að þessu fé okkar hafi verið betur varið en nokkur öðru og teljum, að með þessu höfum við unnið eitt hið þarfasta verk fyrir þjóðina alla, og hið ánægjulegasta fyrir okkur sjálf og aðra. En að þetta tókst svo vel, var Páli sjálfum að þakka, dugnaði hans og reglusemi, svo og kennurum hans, einkum próf. Karl Straube, er brátt fékk svo mikið álit og mætur á þessum lærlingi sínum, er var einn meðal nál. þúsund annarra í tónlistarskólum – að hann fól honum að vera staðgöngumaður sinn við organistastörfin við kirkjuna (Thomasarkirkjuna) í Leipzig um 2 ½ ár, eða meðan hann (Karl Straube) gegndi herþjónustuskýldu sinni.

Er ég nú kominn „út af sporinu“: Hættur að fylgjast með tímanum, endurtaka ýmislegt það, er finna má annarsstaðar, þó sennilega sé það eigi í sambandi við neina Sögu sönglistarinnar. En hér ætlaði ég að drepa á helstu æviatriði mín í sambandi við það mál, sökum þess, að mér virðist að ég hafi komið þar við sögu, jafnvel frekar en í öðrum málum, enda hefir mér verið það eitt hið hugstæðasta mál, er ég hefi fengist við eða nærri komið. Vona ég, að þess beri einhverjar menjar, jafnvel enn frekar en þegar eru komnar í ljós. Á ég þar eigi við það, hverju ég fæ áorkað í þeim efnum úr því sem nú er komið. Þar sem aldur minn er orðinn nokkuð hár og þess farið að kenna á ýmsum sviðum: Þreytu og veikindum ýmsum – heldur á ég við það, að hin mikla hljóðfærasala mín, kennsla o.fl. en einkum þó hversu árangur það hljóti að hafa og hefir þegar haft, fyrir land vort og þjóð, að svo gagnmenntaður, fjölhæfur og duglegur sönglistarmaður sem Páll Ísólfsson kemst, fyrir atbeina okkar hjóna í „virka aðstöðu“ til þess, og á réttum tíma, að geta notið hinna miklu hæfileika sinna, enda er þessa farið að gæta mjög í störfum hans fyrir kirkju, samnsöngs-kór og útvarp.

Árið 1890 og eftir það, hélt ég því fram, m.a. í skrifuðum sveitablöðunum Ganglera, Kveldúlfi og Bergmálinu, er ég gef út á þeim árum og lét ganga um Eyrarbakka og Árnessýslu á þeim árum, að hin ísl. þjóð ætti á ári hverju að senda unga og efnilega piltu og stúlkur til útlanda og á kostnað landsjóðs, til þess að nema þar nýtileg störf, er tæki til sem flestra greina í iðnaði, listum og vísindum; Búnaði, byggingalist, efna- og vélfræði, sönglist, málara- og myndhöggvaralistum o.fl. en tryggja sér um leið að þeir komi hingað aftur, að námi loknu, fengi sæmileg kjör við starsemi þá, er þeir hefði lagt fyrir sig og lært. En einkum lagði ég þó mikli áherslu á að hagfræðingar og uppfinningarmenn fengi gagnmenntað sig svo erlendis og einmitt á þennan veg, að sem mestum notum geti verið fyrir þjóðina, svo velmenntaðir, að þeir standi jafnfætis öðrum erlendum mönnum á þessum sviðum.

Nú mætti spyrja: hvernig var þessu tekið og hver varð árangurinn? Því var að vísu vel tekið, en aðeins í orðin, en eigi á borði og því varð heldur árangurinn enginn.

Ennfremur mætti spyrja: En hvað gerðir þú sjálfur til þess? Því svara ég nú þannig, þótt ég hefði viljað- og viljann vantaði mig ekki – þá gat ég litlu áorkað, óupplýstur og ólærður unglingur, sem þegar var í undirbúningi með að stofna heimili og hafði litlar tekjur en ærin störf, sem ég eigi sá út yfir. Ég sá eigi, að það hefði neina þýðingu fyrir mig að reyna að brjóta þennan þykka ís, getu- og framkvæmdaleysis; en var þá hægt að gera nokkrar tilraunir til nokkurs í þessa átt? Nei, aðeins að vekja menn til umhugsunar um málið. En sú umhugsun varð naumast nein umhugsun, heldur aðeins rosaljós, sem hvarf um leið og það lifnaði, eða þaut framhjá mér og öðrum. Eitthvað hefirðu nú samt reynt að gera í þessu? Mætti spyrja.

Já, - en var nú hægt að byrja á öllu lítilmótlegra viðfangsefni en því – sem ég gerði – : að halda úti blöðum þessum, skrifa þau og senda frá sér, vitanlega án eins eyris áskriftargjalds eða annarrar borgunar. Eða þá á hitt – sem ég og gerði – að halda uppi söngfélagi, bæði eystra og hér (Bárunni og Einherjum) og loks hið þriðja, sem ég einnig gerði – að stofna Sjómannaskóla Árnessýslu, koma honum á í öllum veiðistöðum eystra og þar með hjálpa nokkur tugum eða jafnvel hundruðum námsfúsra, ungra manna til þess að komast niður í helstu undirstöðuatriðum námsgreina þeirra, er allranauðsynlegastar má telja fyrir hvern mann að kunna einhver skil á: Móðurmálinu, reikningi, réttitun, landafræði og dönsku (hið síðast var þó engin „nauðsyn“ að læra, heldur fyrir beiðni nemenda. Þótt allt væru þetta lítilmótlegt og mjög af vanefnum gert, við erfið og ófullkomin skilyrði varð þetta o.fl. til hins bestu nytja, og meiri en mig grunaði að ég eða aðrir gætu búist við: Það vakti áhuga, sem svaf; við að lifnaði ljós, sem enn eigi var lifnað og það eftir lyst og lýsir enn, því margir þeirra er nutu, hafa sjálfir sagt: „Þetta, þótt lítið væri, varð mér til mikils gagns og ómetanlegs“

Loks komst þó hugmynd mín um utanferðirnar og erlenda námið til framkvæmda hjá mér og konu minni, með því að senda Pál Ísólfsson utan til náms, 1913, þá nærri tvítugur að aldri, og yrði það of langt mál að segja frá aðdragandum að því, enda veit ég eigi nema ég sé, - eða þá aðrir – búnir að marg-tyggja það upp. Vil ég þó hér draga upp helstu drætti þess máls. Páll kom hingað með hinum góða föður sínum og fjölhæfa manni, árið 1910. Fátækt foreldra hansa olli því, að fátt var til úrræða með Pál, þótt efnilegur væri. Hann réðist því til vinar okkar, Davíðs Östlund, hins ágætasta manns, til þess að læra prentaraiðn! En svo var það, að koma mín sagði eitt sinn, er við vorum lögst út af til svefns. „Hvað hefur þú hugsað þér með hann Pál“. Ég var hálfhræddur við svo óvænta spurninguna, því ég hafði eigi hugsað mér neitt sérstakt með hann, og vissi eigi til, að neitt sérstakt eða óvænt hefði fyrir hann komið og spurði því: „Með hann Pál! Hefur nokkuð komið fyrir hann“?. „Nei, nei, ekki veit ég til þess. En heldurðu, að þetta sem hann er að læra, verði honum til þess gagns, sem ætlast er til?“ „Já, það vona ég; það er alitleg iðn fyrir unga menn, að læra að verða prentarar“ „Jæja, en ekki fyrir hann Pál; hugur hans er víst á öðru sviði.“ „Nú! Hvaða svið er það?“ „Vitanlega sönglistin. Hann nýtur sín víst ekki við annað fremur“ Það var eins og ég væri vakinn af draumi. Þetta sá ég þá allt í einu að var bæði satt og rétt; en að mér skyldi ekki hafa hugsast það! Ég sofnaði seint og hugsaði málið. Þetta verður að gerast! En heppilegasti tíminn er liðinn: Hann er orðinn 20 ára. Engin efni á að koma þessu í

framkvæmd. Daginn eftir töluðum við hjónin um þetta og nú vorum við bæði ákveðin í því að gjöra allt hvað við gætum; eða var ekki hugmynd mín gamla, að skjóta þarna upp kollinum? Alveg ótvírætt. Gerðu nú eitthvað sjálfur!. Hér er tækifærið!

En hvað á þá að gera? Að senda hann til Danmerkur vil ég ekki: Sé nokkur leið til þess „að hann fari í hundana“ og öll ráðagerðin fari út um þúfur, þá fer það á þá leið, ef hann fer þangað, innan um allan óaldarlýðinn íslenska þar, en einkum þó ísl. stúdent: Ótal dæmi voru mér þar til varnaðar. Ég tók því nafnabók allra þýskra Oddfellowa, leitaði þar meðal um 700 félaga og fann þar mann einn, sem mér leist best á að skrifa um málið, Próf. Theodor Leibing í Leipzig. Ég sagði honum allan hug minn og fyrirætlanir og þar sem pilturinn ætti að læra orgelspil, spurði ég hr. Leibing, hvern staðinn af þessum þrem hann teldi heppilegastan til þess að senda piltinn til: Berlín, Dresden eða Leipzig; einnig spurði ég um kostnaðinn o.fl. Hr. Leibzig svaraði mér um hæl: „Hér í Leipzig er heimsfrægasti organisti, sem nú er uppi, Karl Straube, sendið son yðar til hans. Kennslan kosta 1 mark á dag“. En sú lausn! Kostnaðurinn í skólanum aðeins 1 mark á dag! Hvað er það? Tæpar 400 kr. Á ári!. Og nú var svo sem ekkert verið að hika! Já, en fæði o.fl.? Það gat ekki verið svo mikið, að það hindraði neinar framkvæmdir. Ég skrifaði því hr. n. Leibings, bað hann að undirbúa komu Páls í skólann, útvega fæði, húsnæði o.s.frv. og spurði hann, hvort hann vildi ganga Páli í föðurstað og gæta hagsmuna hans í öllu. Svárið kom: Þetta var allt guð velkomið og eftirlit mitt kostar ekkert. Húsnæði, fæði, o.s.frv fengið og nú var „allt í lagi“.

Páll fór því héðan með togaranum Jóni forseta, en það lá við að skipið færist milli Englands og Hollands, því svo vond voru veður, að skipið náði eigi í höfn í Englandi. Allt fór þó vel. Að mánuði liðnum, 12. okt. 1913, varð Páll tvítugur. Stríðið skall á árið eftir (í ág. 1914) og þá þyngdist fyrir fótinn um margt: Páll varð fyrir áfalli á götu, af ofreynslu við æfingar fótspilsins, en þeim lauk hann á óvenjulega skömmum tíma. Kom svo heim 1915, en fór aftur 1916; svo fór allt vel og það best, að hann stóð af sér allar þrengingar stríðsins, en við lá, að hann þýldi eigi matarskortinn og hina óhollu fæðu.

Það varð mér auðið að koma hugmynd minni í framkvæmd, enda hafði ég heitið því fyrir mér, að hvenær sem ég yrði þess umkominn, skyldi ég verja öllu því fé og fyrirhöfn, er ég ætti ráð á, til þess að láta einhvern íslending menntast svo í sönglistinni, að engin annar tæki honum fram. Þetta varð að óskum með Pál Ísólfsson, sem nú er raun á orðin. Hvort hann eða aðrir skilja það eða þakka, læt ég mig litlu skipta; mér og konu minni er nóg meðvitundin um það, að við höfum gert þarft verk og gott, er nóg fyrir okkur og hin óseggjanleg gleði af því að hafa getað gert þetta, án þess að miklast af því, telja það eftir eða vænta neins eyris í endurgreiðslu. Síðar varð ég til þess að styrkja annan pilt á sviði listanna: Sigurjón Ólafsson myndhöggvara með um rúmar átta þúsund krónur, til þess, að hann gæti komist til Ítalíu og stundað þar framhaldsnám sitt. Þakklætisviðurkenningar frá hans hendi hefir þó eigi gætt í neinu. Hann eigi svarað bréfum mínum í mörg ár, og síðast, er hann var hér (1937) fór hann héðan án þess að kveðja okkur. Um styrk þennan (nánast þúsund krónur) var ég þó eigi einn, heldur nokkrir vinir mínir, er tókum þátt í þessu mín vegna. Nú sem stendur er hér á vegum okkar hjóna, Ragnar Björnsson frá Hvammstanga og er hans getið á öðrum staði sérstaklega. Er hann nú í

Tónlistarskólanum og er er talinn efnilegur nemandi. Hann er aðeins 15 ára, og er faðir hans fátækur maður.

1912 og 1913 hafði ég söngstarf meðal barna og varð félagsskapur þessi orðinn svo fjölmennur 1914 að hann taldi rúmlega 70 meðlimi, allt börn innan við fermingaráldur. Sungu þau öll þessi ár við messugerðir í Fríkirkjunni og einkum síðasta árið við messugerðir og jarðarfarir nokkrar, þ.á.m. konu Jóhanns Jóhannessonar kaupmanns í sept. 1914 og síðar sama haust við jarðarför Jóhanns sjálfs. Starfsemi þessari varð ég að láta lokið að mestu 1915, þegar ofsóknirnar í Landsbankanum voru byrjaða, en nokkrum sinnum síðar sungu börnin við messugerð próf. Haraldr Nielssonar bæði á jólum og páskum og var hann þess mjög hvetjandi að ég héldi starfsemi þessari áfram, enda þótti þeim er söng barnanna heyrðu, mikið til hans koma. Þau sungu aðeins tvíraddað og aðeins með orgelinu, en ekki karlmannaröddum eða neinum eldri mönnum og börnin sungu vel. Það var því alls eigi sársaukalaust, að ég varð, eins og áður segir, að segja algjörlega skilið við þennan fríða barnahóp. Nokkrum sinnum síðar sungu börnin í unglingastúkum bæjarins. Bestu söngraddirnar meðal þeirra var að heyra hjá þeim Margréti Magnúsdóttur (Vigfússonar dyravarðar í stjórnaráðshúsinu, síðar var hún frú Grönvold og eftir það kona Antons Jónssonar?) Hina röddina var að heyra hjá Bjarna Nikulássyni (Nikulássonar) verkamanns; var Nikulás faðir Bjarna litla annaðhvort bróður eða systursonur Guðmundar gamla Ingimundarsonar frá Bóndhóli, þess, er söng gömlu lögin á „grammófónvalsana“ hjá mér, en Guðm. Andaðist 1912, 84 ára. Það var því eigi úrættis að Bjarni litli hefði fagarödd, en svo fagra barnsrödd hefi ég aldrei heyrt fyrr né síðar. Mörg börnin höfðu einnig ágætir raddir. Mér kom oft til hugar, eftir að ofsóknirnar gegn mér í Landsbankanum voru um garð gengnar 1916 með glæsilegum sigri fyrir mig, að byrja á nýjan leik með söng barnanna en það strandaði einmitt á þessu tvennu: Annríki mitt í bankanum óx með degi hverjum, enda var ég í raun og veru hálf dasaður eftir þá orrahríð þótt lítið léti ég á því bera eða á sjá í neinu; ég vann oft fram undir miðnætti oftast við það að leita að einhverri skyssunni, sem ég var viss um að aðrir höfðu valdið, en eigi ég, enda hafði ég margar sannanir fyrir því; það sýndu hin mörgu mistök er orðið höfðu á bókfærslunni, þ.e.a.s. þau, sem fundust. Hin voru einnig mörg, sem aldrei fundust, en ég varð að borga sama kvöldið, enda hafði ég einn alla fjárhagslega ábyrgð á hverjum eyri, einnig því, er aðeins var fært á milli bóka (millifærslum útibúanna og erlendra banka) og hlaut þetta að auka áhyggjur mínar og erfiði allt.

Hin ástæðan var sú, að nú var Páll Ísólfsson hér heima um þetta leyti; 1915-1916, og sagði hann mér mikið af barnakórum erlendum, einkum í Leipzig. Mér hismaðist hugur við þetta og sá hve langt minn litli hópur hlyti að standa að baki slíkra söngflokka, en hélt Páll því fram, að börn þyrftu að læra söng til þess að geta sungið sæmilega. Vitanlega sá ég að þetta var rétt. Gat þá ekki hugsast að ég beinlínis spillti smekk manna með þessu, skemmdi börnin, jafnvel þótt ég og aðrir hefðum gaman af að heyra hinar fögru raddir þeirra? Var þá ekki sjálfsagt fyrir mig að vinna eitthvað að því, að þau ættu kost á að læra söng frá einhverjum „færum“ manni. Páll fór þá utan og kom aftur 1918, miklu „færarí“ en áður, og nú fer ég fram á það við hann að hann stofnaði söngflokk meðal barna og kenndi honum a.m.k. höfuðreglurnar með að beita röddinni eins og vera ætti. Páll tók þessu vel. Hann fór í barnaskólana og bað um að mega velja nokkur börn úr hópi skólabarnanna, en fyrir því lagði söngkennarinn þar, Jón Ísleifsson, blátt bann: Sagðist ekki mega missa þann einn einasta tíma vikunnar, enda strandaði málið á

þessu, svo, að Páll hætti allri umhugsun um það, enda var hann þá ýmist hér eða þar erlendis og mátti engan tíma missa og féll allur ketill í eld, er hann mætti öðrum eins misskilningi, þröngsýni og þvermóð, er Jón Ísleifsson sýndi með þessu og margir aðrir kennarar skólans. Jón þessi hefir verið einráður um allan söng barnanna síðan, haft þau til þess að syngja opinberlega við sunnudagsmessur í kirkjunum. Syngja þau enn vitanlega á sömu lund, sem börn sungu, bæði hjá mér og öðrum, og þó naumast betur og hefi ég nú, mér til mikillar skapraunar, heyrt hinn skerandi og skrækromaða söng þeirra. Hitt er og, sem vænta má, aðalorsökin til þess, hvernig börnin syngja, að þessum einráða kennara þeirra, sem þeim hefir stjórnað nú um aldarfjórðung er annað betur lagið en lipurð, kunnátta og þekking á hlutum þessum þótt hins sé að vænta, að hann vilji börnunum vel; hann sér eigi, að nútíminn gerir meiri kröfur en áður var og skilur eigi þarfir barnanna sér hlutverk sitt í þessu efni sem vera bæri. Hefði hann snúist vel við þessu, gæti hann nú stjórnað einmitt þessum börnum og hefði mikla ánægju af því fyrir sjálfan sig og aðra. Þannig verða menn sínir eigin böðlar og annarra um leið, með þröngsýni sinni og þverúðarfullri sérvisku og heimsku.

Enn voru þó eigi allar þær taugar slitnar, sem lengi höfðu verið milli mín og barna þeirra, er ég hafði komist í samband við hér í Reykjavík. Nú voru mörg þau börn, er ég hafði í söngfélagi með mér á Eyrarbakka á árunum 1889 til 1902 orðnir foreldrar, er áttu góð börn og efnileg. Þau hvöttu mig mjög til þess að stofna til einhvers félagsstarfs með þeim. Því var það að ég stofnaði fuglavinafélagið Fönix (F.F.F.) 27. febrúar 1934, og æfði þau m.a. í söng, en að varð til þess, að börn úr félagi þessu héldu upp tveim-þrem barnatímum í útvarpinu 1937, svo að allir dáðust að og sögðu „að þetta væri bestu barnatímarnir, sem þar hefði heyrst fram til þessa“. Börnin sungu þar mörg og fögur lög, t.d. Nú að norðurheim svölum, Lóan í flokkum flýgur, Sólin er úr suðri að koma, Í snörunni fuglinn sat fastur, Um fjöll og dali fríða, Ég man þá tíð, Ó blessuð vertu sumarsól og mörg fleiri, sem undir textum er Hallgrímur Jónsson skólastjóri lét þeim í té. Þau héldu ársafmælisfagnað sinn mjög hátíðlegan, lásu upp kvæði, sögur og léku leikrit mörg. Síðan eru þessi börn vaxin úr grasi en aldrei mæti ég þeim eða hitti þau, án þess að þau komi brosandi móti mér, spyrji hvað nú gerist í félaginu okkar gamla og sýni mér hina sömu ástúð, sem foreldrar þeirra fyrir 40-50 árum.

Hin síðari ár, einkum síðan styrjöldin hófst, hefi ég eigi getað haldið reglulega fundi með þeim eins og áður, sökum þess að eigi hefir verið hægt að hita húsið upp á sunnudögum, Odd-Fellowhúsið, en þar hélt ég, - einn fullorðinna manna – fundi með þeim. Kom enginn fullorðinn maður nema vinur minn Ólafur Gíslason frá Grimsby í Englandi, haustið 1935, er hann var hér síðast á ferð, og hélt hann góða ræðu og hjartnæma fyrir hinum ungu drengjum, og býst ég við að þeir muni hann og ræðu hans lengi. Sagði hann þeim m.a. tildrög þess, að hann hvarf héðan fyrir 37 árum, sjómaður af Suðurnesjum, svo og því hvar og hvernig fyrstu samfundum okkar, hans og mín bar saman árið 1887, er hann var sendur til mín, fyrir atbeina Sigurðar Magnússonar dannebrogsmanns í Skúmstöðum í Landeyjum til þess að læra söng og orgelspil hjá mér á Stokkseyri, hvernig vinátta okkar hefði haldist æ síðan, ferð okkar til Þingvalla 1930 og dvöl okkar hjóna og Guðnýjar litlu með honum í tjaldi okkar vestan Öxarár syðst og því hve dvöl sú varð endasleppt, vegna þess að kona mín féll út af veginum í gjánni og meiddi sig svo að við urðum að hverfa heim. Margt fleira sagði hann börnunum, sem þau veittu mikla athygli. Þegar ég spurði Ólaf Gíslason hvaða bók hann mundi vilja kjósa sér úr bókasafni er væri svo stórt að

það fyllti jafnstórt hús sem Odd-Fellow húsið væri – en þar vorum við staddir og nokkrir drengir (rúml. 30 að tölu). Síðar um veturinn spurði ég drengina „Hvaða bækur lesið þið?“ Þeir sögðu sitthvað um það; sumir sögðust lesa reyfara og anna sorablandinn „skáldskap“. Kiljan Laxnes og Þorberg, en þeir voru fáir og sögðust litla ánægju af því hafa; benti ég þeim þá að það hvað Ólafur Gíslason hefði sagt og hvaða bók hann hefði helst kosið sér. Ég benti þeim einnig á sið þann er Thorgrimsen gamli hafði haft við börn sín: að leyfa þeim engan annan lestur bóka en þann, er þau hjónin hefðu lesið og líkað vel. Um biblíulestur drengjanna sagði ég þetta: „Biblían er talin besta bók heimsins. Lesið hana og lærið af henni. Ef þið eigi skiljið hana t.d. Gamla testamentið, því það er víða þungskilið börnum, þá látið foreldra ykkar, prest eða kennara leiðbeina ykkur, en Nýja Testamentið er auðskilið og það ættuð þið að lesa. Á mínum aldri voru öll börn látin lesa það heima og í skólanum. Það var kennslubók barnanna þá.

Á leiðinni heim af fundi þessum gengum við allir saman, greip þá einn drengurinn, 14 ára að aldri í handlegg minn og sagði. „Þú varst að benda okkur á að lesa biblíuna“. „Já, það gerði ég en er nokkuð við það að athuga?“ „Kennari okkar hefir sagt okkur í skólanum að biblían sé öll skröksaga ein og tilbúningur trúarofstækismanna, hún sé tóm lygi!“.